


5/–



Fáeinar
Skiringar greinir
um
Smiør og Ostabúnad
á Íslandi,

framsettár
af
Kammersecreteranum
Olaus Olavius.
og

Quam felix et quanta foret res publica, cives
Si cunctos unus conciliasset amor!

OWEN, Epigr.

Prentadar í Kaupmannahøfn
af Johan Rudolph Thiele
árid MDCCLXXX.

Ó! at búendr fyndu og fengiu
Farsælu þessa á hverium bæ,
Til sinnar vinnu gladir gengiu
Guds undir blessan traustir æ.
Ó! at nytsamligt ættu bland
Alls sem gefur vort Faudur-Land.

E. O. í Munadar-dælu.

DERES MAJESTÆT

DRONNING

JULIANA MARIA

HELLIGET.

ALLERNAADIGSTE

DRONNING!

Med allerdybeste Ærefrygt nedlegger jeg disse faa Blade for DERES MAJESTÆTS Födder. De indeholde Regler og Anviisning til ret at lave Smör og Ost for Island, som hidindtil, fornemelst mange Aarsager, har været saa blottet for vedbörlig Kundskab om Melkens rette Behandling, at den Kongelige Handel hidindtil med

med Billighed ofte har maattet vegre sig ved at imodtage saavel Smör som Ost, især for de Priser, som Vedkommende kunde være tient med paa begge Sider. Som indfödt har jeg og efterhaanden lært at kiende badde denne og endeel andre Mangler paa Kundskab i Næringerne i dette store og vidtlöftige Land, hvilket har opvakt hos mig de varmeste Ønsker, at kunne rydde nogle Anstödsstene af den Vei, hvorpaa Island bör gaae frem til sin borgerlige Lyksalighed. Disse mine Ønsker have allerede födt nogle Forsög, og atter have de nu opfordret mig til disse om Smör og Ost, som jeg allerunder-

 danigst

danigst vover at hellige LANDETS MODER, og det med den allerfuldkomneste Ret. Det er ei allene Dans og Nors Lande, der bör smelte hen af den allerdybeste Erkiendtlighed for deres DANNEBODS beviste höie Velgierninger, men jeg synes og som jeg seer det kolde Island i den samme pialtede Dragt, hvori det begræd sin allerdyrebareste Velgiörer Kong FRIDERICH den FEMTE, allerunderdanigst at nedlegge for hans Höie Gemahls Födder den varmeste Tak for de beviste Nader. Den allernaadigste DRONNING værdigede at nedlade sig til at tænke paa vores Elendighed og lette den: "saa tænke de is-

land-

landske Præste-Enker" og alle Landets Qvinder see sig kraftigen opmuntrede til Vindskibelighed og huuslige Dyder i det Ærestegn, hvormed DERES MAJESTÆT allernaadigst i Aaret 1775 beærede en af Landets Döttre. Stats-Ballance Directionen har og ved tvende Kongelige Resolutioner af 1777 og 1779 opmuntret Indbyggerne i Island til at virke Smör for Handel. Men hvor ufrugtbare ere ikke endog de allernaadigste og meest oplivende Opmuntringer, naar Kundskaben feiler! Jeg har da ved de Regler, disse Blade indeholde om at lave Smör og Ost, stræbt at giöre det mueligt for

 Kiön-

Kiönnet i Island at kunne opfylde DERES MAJESTÆTS allerhöieste Villie til Islands og det almindelige Vels Befordring.

Jeg er med den allerfuldkomneste Ærefrygt

DERES MAJESTÆTS


KIÖBENHAVN,
DEN 24DE MARTII 1780.

allerunderdanigste Tiener,
OLAUS OLAVIUS.

Gódfúsum Lesara!


Þat þóttu øfgar fordum er Þórólfr sá, er getid er i Landnáma-Saugu, let ser um munn fara, þá er han qvad driúpa smiór af hveriu strái í landi því er þeir hofdu fundit; þad er at skilia Islandi. en væru þar eptir edr yrdu øll strá notud í landinu, sem frásøgn mannsins var edli grasanna sambodin, þá mundu

 eigi



eigi ſvo margir ſmiør-leyſis harmar heyraz, ſem almennt vid gengr, einkum vid ſiófar ſiduna þar og þar. En látum Þórólf mæla ſem vera villdi han! Ordtakid er ſatt, at eigi ſe betra at geyma fengins fiár enn afla! þegar er búid er at miólka, þá þarf at ſía miólkina, ſetia, renna, ſtrocka og ſallta ſmiørid, og athafna yfrid vel. Svo ſkal vandliga medfarit allskonar ſtarfa at búi, annars ſpillaz Guds gáfur óreliga, og ábatinn dvalazt meirr enn ſkylldi. "Yfir bordum á ónefndu heimili einu auſtanlands ſpurdi húſfreyia nockur í meiri manna rød, hvert Danir gætu þiónad Gudi af alhuga med

øllu



ollu þeirra tærilæti? O já, svaradi madrinn hennar, þvíat Gud er og svo Gud hreinlætisins, og geck han þá í braut. Spurníngin var hørmulig til at vita, og bendir til hve ágiætliga sumra qvenna hugar fari se háttad. Hvad gagn hefir fólk af at færa til kaupstadanna morkinn fisk, ógillt les, ótætis lýsi, ridnad súrt og hárugt smiør, med stórri mædu og kostnadi, verda þar hrakid og hriád á millum Heródes og Pilátus, og lokfsins megu tapa hálfvirdi varníngsins eptir kaupmannsins áliti (hversu sem þad nú mundi á stundum), edr færa allt heim aptr og missa naudsyn sina? Er þá

eigi



eigi illa atverit, at gánga biorg sinni á mis ár af ári, nær þad skedr fyri handvøm edr varníngsins ódugnad. Fáir kaupmenn eru svo ósnausumannligir edr illgiarnir at reka aptr fullgódan varníng; en þá er eitthvad er adfyndnis verdt, þá er vís von, at hvarfli fram skaplyndi verslunar manna. Kaupmadr er þó Kaupmadr! og hefir auk þess þúngum tølum at svara til lánardrottna sinna. Jd hollasta rád er þá at gefa eingum undir hælinn med ógilldum varníngi! En hversu má þat vera? Sialldan edr alldreigi prióna húsbændurnir til dæmis les, eigi tæta þeir ullu, renna, strocka, ne búa

til



til smiorid, og eigi komaz þeir opt þar til, þó at mættu og villdu. Á hverium liggr þá þeßi innanstocks búsÿßla, nema á húsfreyiunum hvart sem eru þrifnar eda traßar, og þar undir er at miklu leiti komin búsins megan, líka sem líf hiúa og barna; og hvílíkan vanda hefir þá eigi hverein húsfreyia? Se príónlesid ógillt, vadmálid ofgisid, ullin óskilin, smiórid fordugt edr fullt af hárum, þá leidir þetta af medferd qvennanna, med einu ordi; madrinn kemr grátkioklandi heim aptr úr kaupstadnum, med hálf þæft lesid, votar peisur, brøndótta ull, gulmótta smábands sokka, og smiórid illa til reika,

er



er kaupmadr eigi vill nýta, járnlausſ, brýnislausſ, færalausſ, hrakiinn, ſkólausſ og allslausſ. Allt þetta má madrinn lída fyri vanrækt konunnar, og hverſu mikid vardar þá eigi at lagfæra þad er løngum hefir aflaga borid? Saudrlandsins mædur! Hverra ſkrautliga búnar tialldmindir, og adrar þvíumlíkar giørſiligar handyrdir, gnógliga vitna um margskonar hagleik og vitsmuni, ydur þarf eigi at ſkrá nockvat um tilhlýdiliga prýdi og hreinlæti qvenna, en hinum ſem midr kann vera farid, er þeßi bæklíngr til atgiætſlu ritinn um Smiør og Oſtagierdina, er eg at nockuru leiti

hefir



hefir athugat útlendis, en tekit úr fródra manna ritum þad er mig á-brast vitneskiu um, og þó þótti hlýda mínu fødrlandi til eptirbreyt-ni. Biskupinn sællrar minníngar, Herra J. E. Gunnerus, hefir ep-tir sig látid ritna falliga Afhand-ling, om de Maader hvor paa Mel-ken nyttes i Norge (siá þann 5ta D. af det Kongelige Norske Vi-denskabers Selskabs Skrifter), og Herra Etats-Raad Chr. Martfelt gefid á prent Stutt Agrip um hátta-lag Irlands smiørgerdar. Báda þeßa vitru menn er verdugt fyrst og fremst eg nefna, fyri því at af þeim hefir eg haft hellztan leidar-

víßi,




vísi, og einkum þeim inum fyrst-
greinda ritara. Er þó mikid í þeßu
undanfellt sem eigi virdiz nád geta
til Islands at svo komnu. At lyck-
tum er eg med mikilli virdíngu

Ens

Góðfúsa Lesara

Kaupmannahøfn
þann 24da dag Martii
1780.

skulldbundinn Vinn og Þenari
Olaus Olavius.



Fyrri



Fyrri partrinn um Smiørid

§. 1.

Sá alþeckti, hvíti og þunni legr, sem fyrir og eptir fósturburdinn dregr sig saman í brióstum edr iúgrum ymiſsra kvennkyns landdyra, og iafnframt því, í nokkurra siódyra brióstum, er þad sem alþýda plagar ad kalla miólk. Þeſsi legr edr hvíti vokvi samanstendr af þrennslags efni, rióma, miſu og drafla, sem hversdags reynsla stadfestir, þvíat á einu dægri og stundum skiemmri tíma setr sig iafnan hinna edur lióſgul þyck skán ofan á nýia miólk, og þeſsi hinna heitir rióma. Á nærsta dægri ser eins fram, megi

miólkin standa í kyrdum, þó skánin verdi þynnri, en þá lætr og miólkin þorra hins hvíta litar, verdr blárri og súr ad lokum og adskilz smámsaman í tvo hluti; nefniz annarr misa, en annarr drafli edr skyr, sem aftakslaust eru áþeck hvart ødru.

§. 2.

Rióminn er sá ypparsti og feitasti hluti miólkurinnar, sem verdr skekinn, megin partinn ad smiøri.

§. 3.

Pad þynnsta sem í er miólkinni kallaz ad rettu lagi misa, þela-misa edr syra. Rióni, misa og drafli skiliaz audvelldliga hvert frá ødru, og þad iafnvel án ellds og lisia tilverkunar, hvar af audsært er, at þetta þrennt hefir einga øfluga sameiníng sín á millum.

§. 4.

Miólkurstofninn, sem er skyr og drafli (§. 1), samanstendr ad mikluleiti af jørd, og þarnæst situ mengadri med syru og jurta, sallti.

§. 5.

Hverr einn getr nærri, at med því rióminn er hinn feitasti hluti miólkurinnar og smiørid

verdr úr rióma (§. 2), þá hlýtr smiorid at draga dám af sinni undirstødu, fyri því er smiorid fita. Nú er í allskonar dýra fitu eitthvad af jørd, sýru og salti, þá og líka í smiorinu: en þetta umgetna salt er jurta-sallt eins og í draslanum (§. 4). sakir þeß ell landdýr sem miólka, lifa ad mikluleiti af jurtum. Þad er satt, at eigi er ávallt hægt at þeckia svo náqvæmliga sem vidþarf stærd hverrar einnar undirstødu í smiorinu, en þar um vardar þó ærid miøg, þá er fara skal til at sallta.

§. 6.

Jafnvel þótt miólk ad útvortis ásýndum se iafnan ser siálfri nærsta lík, þá er þó eingu ad sidr mikill munr á einni og annarri miólk, og þeßi munr kemr eigi ad eins af uppheldi dýranna, helldr og einneginn af sierhvers dýrs innra skapnadi og kirtlanna ásigkomulagi er miólkurvøkvinn umrennr. og s. fr.

§. 7.

Nautamiólk er tídast kostugri enn bædi sauda og geitamiólk, og fyri því miklu betri

til smiørgerdar *). Stórum vardar þá at eiga gódar kýr ad búi.

§. 8.

Pad hefir verid almennings þótti bædi á Islandi og í ødrum Lendum, at alraudar kýr væru fremri ødrum kúm ad kostum, eins og at alsvartar greiddu hinum tingumar betri kálfa; en þeßi hugþótti er af eingum vitrum búmønnum prófadr, at vera á vißum stofni byggdr: þvert á móti gilldir einu um litinn, se kúnum ad eins vel á legg komid. item: ef hálsinn er miórr, helsid stórt og vel lodid. og júgrid at því skapi þrekid, med fiórum og ecki fleirum spenum á, en þó lengum, og digrum ofan, en ad nedanverdu mióm. Gódum gripum í Wiltshire og Lancaster eigna menn greind

*) Þetta er almenn regla bædi í Danmørku og á Englandi og í Þýdskalandi vídast hvar, en í Svíþiódu og í Noregi og á Islandi veit eg at áhølld eru um kosti fiár og kúa, ef hvrrumtveggium eins er ívilnad. Saudasmiør er þar á móti ófrýniligra í augum kaupmanna enn kúasmiørid, sem sídar mun sagt verda.

greind merki; hvar vid ótæpt bæta má, at kvidædurnar á þeßháttar kúm eigu at vera stórar og vídar, einkaulega um samkomur júgursins. Stutt horn og bogin, kveda sumir óbilugt merki á gódum miólkurkúm, eins og þrekid júgur og stóra vømb, breidt enni og digra fætur, sem hvergi ferr fiærri. At sønnu hefir júgrid einga sameining med hornunum, hornin veita og ekki miólkinni svo menn viti. En hvad um gilldir; flestar Hollendskar kýr hafa lágvaxin horn og bogin, enda bera þær tídast mikid af ødrum gripum til miólkur.

§. 9.

Se þad nú satt sem ádr var tiád um merki á gódum kúm (§. 8), þá er líkligt at athuga þurfi, á hverium alldri skadlaust muni at láta kýr ná tarfs fundi, og þar á ofan hversu tarfinum egi háttad at vera. Priggia mißira kvíga er fær til getnadar, en tarfrinn tvævetr. Nú ber kviga sú og verdr kálfr hnugginn, en miólkin bædi lítil og liett-væg. Ønnur kvíga ⁊revetur særr og kálfs vid iafngemlum tarfi edr elldra, elr stálpinn

kálf og miólkar vel at því skapi. Svo mikid munar um gripsins alldr, þó ecki se annat í bésni. Ibyggnir bændur, hallda fyri því nautpenníng vænligstann á millum ens þridia og tíunda alldurs árs, þó med því móti, at gradúngr fyrst og fremst se alinn vel og eigi áskorad, at kelfa þurfi fleiri kýr enn fimtán um mánud allan. Bútarfr skal þrekinn mieg um bóguna, herda breidr og hálsdigr, med løngum hala, aptr miórr og sídum kyllri.

§. 10.

Þad er med sønnu sagt, at þótt kýr hvartki skorti vext ne vænleik, þá miólka þær þó eigi at helldr vel, nema þær hafi gott og gnógligt fódur, hvert sem er úti edr inni. Því er at svo búnu þeß verr og midr eigi at heilsa, at alþýda á Islandi geti gefid kúm sínum Bygg, hafurgras, eintómis smára (Klever) umfedmíngsgras (Vikker) mallt edr annad þeßháttar giæda fódur, sem í útløndum er gnægd af: en látum svo vera, Islandi er samt eigi alls varnad. I Svíþiódu vara 276 jurtir er nautpenníngr etr, þó eigi sen

allar

allar eins liúf-fengar, margar af þeßum komaz og fram á Islandi. Eg vil nefna þær sem eg veit hvad heita á Islendsku, og eru: Æruprís, margar en eigi allar grastegundir sem vaxa í landinu. lifiagras, vallhumall, ætihvønn, snóki, súrur, ehrnarós, blá- og adalbláberialyng, gelldíngahnappr, mur-ur, hanakambr, prestataska, skarfakál, grænkál, næpur og merg fleiri iurtagards alldini, smári, allskonar umfedmíngsgras, baunagras, ætifífill, undafífill, húnda-fiólur, brióstfiólur, hiónagras, stargresi, reyrgresi, brum, fiallhrapi, vídir, góabi-till, túnglsjurt, margskonar fiørujurtir, meir sodin jardeple og loksins hreinamosi edr trøllagrøs *). En þótt nú kyrnar eti bædt

*) Þeir er æskia nockurrar vitneskiu um inar norsku fódr jurtir, megu lesa ágrip þad er O. C. Holch ritad hefir og prentad stendr í þeím Kongel. Norske Videnskabers Selskabs Skrifter 5te D. undir þeßu nafni: Planternes Indflydelse paa Melkens, Smørrets og Ostens Beskaffenhed. I sama máta er nockud

þeßar jurtir og adrar fleiri á Islandi, líka sem annarstadar íløndum, þá miólka þær þó eigi iafnvel af øllum, eta òg hinar jurtir (er talldar voru) úti sem fleiri, en þar ad auki bædi þær enar sømu og adrar her óhafn-greindar inni. Nú er þá athuganda, af hveriu fódri kýr miólki best í hverumtveggium kríng-umstædum. Þegar gripum er sleppt út á stør, edr þeim er gefin stør inni mátuliga þur, verdr skiótt umbreytíng á miólkurvextinum: svo tekz og til af fleirum vatnajurtum: item nokkurum en eigi øllum skógarjurtum, smára, umsedmíngsgrasi og margskonar túnjurtum, eins og þeim er vaxa í vallendi utangardś med reyrgresi í millum. Fruggad hey er vondt fyri kýr, sakir þeß at myglan hleypr í lúngun og dvalar framflutníng miólkurinnar. Se mikill undafífill edr (sem adrir kalla) skarifífill í heyi, þá eta kýr þad gras traud-liga raunalaust, fyri beiskiu fífilsins, nema tadan

nockud ritad um jurtir þær er nautpeníngr etr í Svíþiódu, af N. L. Heßelgren. Siá Linn. Amænit. Academ. T. II. Holm. MDCCLI.

tàdan se vel osnud. Fái þeßkonar hey viku þurk, er þad tækt, en traudum fyrr, nema í brakanda þerri. Af megnri grasgrænni tødu miólkar midr enn osnadri. Slydra er stundum halldin lettmeti en stundum fín til miólkur. Belgiaþáng saxad og brum af þaungslum, teliaz medr miólkurjurtum í Norvegi, en í austsiœrdum þykia Biøllur, hroßaþaunglar og búþare, tækiligt fódur handa gelldpeníngi, einkum á útmánudum, nema eintómis se *). Nautpeníngi fellz iafnan á allt

A 5 hvad

*) Þar á Islande sem gnægd er af hreinamosa edr trøllagrosum nálægt bygd, helld eg takaz mætti þau nýtt yrdu handa nautpeníngi, eins og sumstadar í Svíþiódu og þad á þenna hátt. Menn fara á fiøll fram um Mikiáls-meßu, leiti fyrir sniódvarp, reyta upp mosann og hlada saman í dýngiur og flytia heim sídan í pokum, þá sandjord er frá hrísi, sem tiedr mosi álment íver. Drinvedr hentar besi þeßu starfi. Mosinn skal geymdr undir berum himni til þeß skamtadr er á vetrum, nema ef svo likar, rúma viku seinast, og frugga grøsin ella. Nú er mosa heim ekid og hefir stadid úti til giast-

hvad sem dregr nockurn dám af súru og solltu, af því þad vekr matarlyst. Þeßvegna er bædi syra, sallt, sod, (hafi þorskr eigi verid í sodinn, því þeß sods neyta stórgripir sialdan) og sióblandid vatn. nautpeníng hollr drickr, en af beinum og fiskifángi fær miólkin afbragd edr óþeckann keim, sem eigi hlítir, ef smiørid á sídan stadar at nema útlendis. Jøklavatn á vetrum er sidr enn eigi þægr drickt fyrir miólkurgripi, og sakir þeß ætti hverr bóndi svo fyrir at siá, at annadhvart skylldi brunnr inni grafinn í fiósi, vatnid ausid standa tvídægra, edr vermt á elldi til hófs, sem snøggt giørir stóran mun á miólkinni. Miólkur kum má

giaftartímans, þá bylltir madr honum frednum ofan í heitt vatn, þvær hann vel þar upp úr, og gefr sídan peníngunum daginn eptir medr volgu vatni, svo mikid þar af sem þorf krefr, og auk þeß lítinn vondul heys kvelld og morgna. Elldri og úngri naut, saudfe, kýr og kálfar þrífast vel af tíndu elldi ad søgn Svía. Fallid verdr feitt, smiørid smeckgott og miólkin eingu minni enn ella, en á vorin tiáiz mosinn eigi svo heilnæmr sem um vetrartímann. W. A. H. 1741.

má hvergi vatns ſynia: ad fióſi ſkal og hvervetna vel hlúit, en boli ſtandi innſt.

§. 11.

Med ſennu má því ekki í móti mæla at ſumſtadar miólkar eins vel af útiheyi ſem vallartødu, en þetta er þó ſidr enn eigi almennt. Þar af er audſært at tadan hefir øflugri næríngarkrapta til at bera enn útiheyit, alment ad ſegia, og þetta leidir mikinn part af áburdinum eda rækt ſem vid er løgd jørdina. Nú er áburdr margſkonar og þó eigi allr eins hagkvæmr øllum jardartegundum, og þar til hverginær allr ſo kunnr á Íslandi ſem vera hæfdi. Nauta, ſauda og heſtamyki er þar ſá veniuligi áburdr, og þá ſkilz mønnum ſem kominn ſe hávadinn; kynni raunar og ſtandaz, væri religa medfarid. En nú er miklu ſóad í klíníng, ſaudatadi brennt til óhófs, óſkángadri fióſmyki tídum ekid á tún, og annarri á mýrar, en hroßatadi á hædir og hóla, þvert á móti því er edli hlutanna heimtir. Hvernig á þá graſid ad vara? þeir ſem byggia ſiáfarſiduna hafa gnægd af margs-

konar

konar þángi *) sem er fullgódr áburdr bædi nýtt og gamallt, einúngis og saman vid mýki, ef

*) Yfir grasleyse á hardbala túnum er oft harmaklögun á Íslandi, og annars er eigi at vænta þar svo áſiendr og sem nú er komid, allrasídst hvar eigi verdr vatni áveitt. En hvad kemr til at hardbalatún spretta eigi? mier verdr svarad, vatnsleysi. Þad er satt þó fleira se í efni: og hvad er þad þá? Þetta at jördin er ordin ofrhörd og seig í svo lánga tid sem hún legid hefir óhrærd, og getr því hverki tekid í móti regni edr frænum grasanna, ne helldr leyst rótunum at skióta ser út eptir villd sinni og náttúrligu edli. Fúrda þá at hardbalatún eru snögg! Og á her heima þad sem skálldid kvedr.

Fertilis aſſiduo ſi non renovetur aratro
Nil niſi cum ſpinis gramen habebit ager.

edr

Friófsöm jörd ef eigi er ávallt hrærd med vallarbriót
Einúngis hún ærla fer Illigras med þystlarót.

En á þessu er hægt ad ráda bót, med því móti at pæla túnin upp jafnvel þótt óþýfd seu, troda

ef eigi er látid undirbrenna, en þángaſka etr um ſig og ſæſir gródr jardar, hvar á móti gras ſprettr vel eptir allſkyns fiſkeſáng, allt hvad á og í er landdhrum, ſió, myrar-bleytu, hladſor, veggiamolld, heytorf, mod, bæjarſorp, mannaþreck, rotid lyng, fiallhrapa og ſkógarlauf, vidar öſku, torf, klíníng, tad, og annad þeßháttar, einkum ef legid hefir lengi vid myki, þvag edr vatn í diúpri kvos og legrinn frá fióſinu til runnid. Hví ſkylldi þá nockurn forſiálan búmann áburd ſkorta? En eg vil láta ſvo mællt um áburdinn, undir hverium graſvöxturinn ſvo miög er kominn, ſem ſmiörid undir miólkr og ríóma giædunum, og vökvia aptr til efniſins.

§. 12.

Margir velbúnir landbændr hafa lagt ſterkar dregur fyrir, at fá uppgetvad hve mikils ábata

troda ofan á hnauſana og ſtappa torfunum nidr aptr; þá verdr graſrótin lauſari og gródrinn ſnökt um betri. Um þúfur er eigi at ræda þær eru landſins ólifian, og ſkylldu fyri laungu í útlegd reknar.

ábata von væri af kúm um árid, á þann hátt at reglan yrdi alldúngis óbrigdul, en þetta hefir enn eigi tekist neinum, þvíad fódrid, hagabeitin, burdartídin og vatnid, umhirdíngin og margt fleira, sem allt er sífelldum umbreytíngum undirvorpid, bægia svo mikid í tíndu efni. Eingu ad sídr má þó hlutunum bísna nærri fara, ef iduglig adgætni er vidhaufd. Þannig hefir raun gefid vitni um, at lángbestu kýr á Islandi ný-kelfdar hafa komiz í pundsetu í mál, ad iafnum mielltum med tradgief edr í gróanda. Dæmi sem vísa til, hve gott land Island er, væri því sómi bodinn! I Kaupmannahøfn kallaz þad afbragds kýr sem miólka 20 merkur í mál og á landsbygdinni 16. en í Englandi hafa hittz þær kýr, er miólkad hafa, þá best hefir látid, priár gallónur, þad er eptir dønskum mæli 22½ pott í mál í gróanda *). Vidsæmandi kallaz þeir gripir er miólka hálfu minna, en þær telia Enskir menn rett dræpar kýr, er eigi miólka meir enn freka 7 potta í mál

í gódu

*) A Compleat Body of Husbandry.

í góðu haglendi *). Hollendskar kýr edr rettar ad segia Flælendskar láta fyrir enskum kúm hvergi, og allra sídst þá er til lengdar lætr, en þad mark hafa Hollendingar á miólk og á haglendi sínu, at af þeirri miólk sem feitastir verda ostar, er smiørid óhentugast til sölltunar og utanfærslu til annarra landa. Sietti partr miólkurinnar verdr ad rióma, og aptur þar af sá fiórdi ad smieri, annars telst

*) Þótt varla se megnandi fyri stærstu ríkismenn og mikla sidr kotbændr, at uppala kálfa edr at veita kúm sínum þeßkonar elldi, sem Prof. Gadds í Abo, Beskrifning om Huru en finsk ko blifvit ansad och skøtt at hun gefvit 9 til 10 Pund (þad er eptir Danskri vigt fram undir 12 Lísipund) Smør om Aaret (Siá W. A. H. 1769. Volum. XXX.) umgetr, þá eru þó slík dæmi, vel íhugunar, verd af hverium dugandi búmanni. látu mann eigi komaz meir enn í hálfan qvist vid þenna mikla búistarfs mann, hve mikid er þó eigi áunnid, gefi 1 kýr af ser 6 Lísipund smiørs um árid? Fáar kýr vel halldnar giøra meira gagn enn margar, er sífellt, nema um háfumarsdaginn, standa á horleggium einum.

telst miólkin eigi kostug. Í þeim svo kølludu Geestløndum miólka kýr 14 til 22 potta á dag, en þær í Marskløndunum 48, þegar best lætr, enda eru og Mærskløndin annálud fyri friósemdar sakir *).

§. 13.

Í mørgum løndum einnig sumstadar í Danmørku, er sá vani ákominn, at miólka skuli þrisvar á dægri hverin og stundum optarr. Þetta hafa vorir forsedur enir gømlu Íslendingar fordast, og sýnt þar med eins og mørgu edru búskaps viturleik sinn, þvíad þar miólkin eigi mindaz fullkomliga í júgrum gripanna á skemmra tíma enn á 12 stundum, til hvers er þá at beidaz þess sem náttúrunni er þvernaudigt úti at láta, og gripunum má ad miklu tióni verda? Þad er til óþýtis, en kvelld og morgna rett til hæfis at miólka, nema ef optar skyldi þurfa, þá er kýr standa á stálma og náttúran hefir meiri umbrot enn annars, ellegar þegar kýr leka sig siálfar, sem dæmi eru til, og annadhvert miólk-

*) Siá Oeconom. Journal. 2. D. S. 629.-30.

miólkurinnar undirstadligu partar vallda því, edr einhverskonar meinsemd í júgrinu. Líka ber til at kýr siúga sig siálfar. Þó má því eigi ímóti mæla, at þá er búid er at koma kúm á, at hreytt se úr þeim þrisvar dag hvern, svo hentar best at fram se halldid sama vana (því at vaninn er ønnur náttúra), en eingu at sídr er sannprófad at gripirnir miólka med svo felldu móti minna, enn se tvisvar hvern dag advarid, og hallda útlendir menn hagkvæmastan mialltatíma, þá er Sól rennr hærst á sumardag, um midsmorguns og midaftans bil, þar sem því verdr vidkomid, sakir þess ad um þetta mund kemr gripunum best ad láta miólk, miólka þá og líka mest, nema lángr og hvatskeytsligr rekstr, sem miólkurkúm er mjøg gagnstædr, edr annad þesskonar bægi. En nú mætti fremr umrædt verda, at medr því kýr eta meira um daga enn nætr, þá ættu þær og ad miólka meir í greindan tíma at rettu lagi, og jafnframt því optarr þurfa nytkunar vid. Hvar til svarazt, at þetta kemr í sama stad nidr, þvíad jórtursafinn, og auk þess hvílld gripanna um næturtímann

orka líka svo mikillrar miólkur, sem fódrid siálft er kýrnar eta á daginn, og þá eigi ad fullu strax getr mellt ordid, sem daglig dæmi auglýsa. Því lengr kýr eru miólkadar fyrir burdinn, því braßari segia menn kálfarnir verdi, og mædurnar hreßar at því skapi.

§. 14.

Jafnvel þótt allvída halldinn se lítill starfi ad miallta peníng á bæium, og sú sýßla se opt á hendur falin inum minna háttar kvennmennum, þá er þó nockud vid greinda sýßlu athuganda, eigi vel ad fara: á medal hvers eg tel 1) at skiólurnar ávallt seu táhreinar utan og innan, sem hætt er vid ad stundum afbregdi á Islandi, einkum þá er vid saud-peníng er at skipta. 2) at mialltakvinnur hafi í hveriu sinni vel þvegid hendur ser, ádr til miallta gángi, þvíad nógt er vatnid. 3) at spenar gripanna se hreinir giørvir kvelld og morgna, og smurdir at ødru hveriu med nýrri miólk, feitmeti eda rióma, svo at eigi þurfi óvættum um ad kenna ef meinsemd kemr í, þá er mestr hiti at stendr. 4) at hárin af peníng-

peníngiunum eigi detti ofan í miólkur-ílátin, og miklu sídr þreckr edr annad því umlíkt. 5) at kýr seu hvert sinn heptar, sem sumstadar er sídr til, svo miólk og mialltakona hvervetna seu óhulltari, eins þótt kýr láti vel edr illa. 6) Skal kýr miólkud adkonu megin fyrst, þar til alldúngis selld er miólkin, en þá frákonu megin, og gángi kona um kring, enda selr þá kýr betr. Eftir-hreyta skal kýr eins og saudfe væri, og er þá trú á verk lögd, en ella eigi. Nú prófazt ótrygd mialltkonu og verda kýr miólkþrota venin framar, þá er sem fariz hefdi fyrir ad miallta ærse, er jafnan upptekr, þá er máls mißir. 7) Skulu mialltkonur varast ad sýna gripum hardindi, edr at kreysta spenana ofmiog, þvíat þá er ótrútt um ad kýr selie, sem ef hógliga væri adfarid. Á sömu lund fer, ef þeim er bodinn ofrekstr. Og loksins á liggr því 8) ad miólk spilliz eigi ímillum fióß og búrs eda stöduls, sem þó er hætt vid, nema lítil tre-skerbord seu ílögd í fötu hveria til ad stödva umferd í ílátunum; skiæni hefd yfir miólk eru og vandgiæf, eigi smiorid at vera hreint og velvandad.

§. 15.

Þá er búid er ad miólka, hlýdir ad miólkin se náqvæmliga siud, og þá uppsett í þar til gierd ílát. Síur megu eigi giørvar vera úr ullu, edr gripa hárum, þvíad þá er eigi vid edru búid enn at miólkin verdi hárug, og ad hárin sídan lodi vid smiørid. Fyri því skulu siur ofnar af líni einu, med umgierd af trei um kríng, og enn svo þett ad miólk megi umrenna, en hár og þreckr verdi eptir í siu, er ávallt skal úr tína sídan, og þá skola Sólann (edr siuna) í glóandi vatni hvert sinn, og hengia upp til þerris vid sól og vindi. Setníngar ílátin eru ýmißkonar, bædi at efnum og skapnadi. Nockur eru hiá útlendum af leiri steindum, en ønnur úr trei tilbúin. Hvertveggin hefir eg sed krínglótt og ferhyrnd, eins sem bædi víd og flatbygd, diúp og mió. Leirker hallda menn betri enn hin af trie, og víd og flet ílát skapfarligri til miólkur ísetu enn mió og diúp, fyri því at ríóminn verdr þar í meiri og miólkin sídr súr. Trog vor Islendínga eru þannig ólastandi, og betri enn nockura annarra þióda

sem

sem eg til veit: einúngis ef gior væru af eik edr jafngódu trei, og eigi furu edr har-peisgreni, er miólkin hvervetna hlýtr dám af ad draga, og smiørid at því skapi. Siálf-sagt er ad miólkurtrogin þurfa eins mikillar ræktar vid, og ádr var tínt um skiólurnar, líka sem ber naudsyn vidliggr, at út se hleypt raka og leidri fýlu úr húsum þeim, er miólkin í stendr, og ad eingi reykr nái þar inngengu, eda nockurskonar dupt, at detta ofan úr búr-røftum og nidr í miólkurílatin. í stuttu máli; því hreinni matseliur hallda búrum sínum, því sídr súrnar miólkin, og því smeckbetra verdr smiørid. Gøngulóarvefum, blautum þielahroda, farda-dýnginum og allsháttar því-líku óhræsi, úthýsiz med øllu.

§. 16.

Margir gódir búmenn eru á þeirri mein-íngu, at á millum þeß ad sett og rennt er, eigi med rettu at vera tíu stundir dags, og vart ellefu stundir nætur, af því þá er kall-dara, en sumir segia nockud lengri tíma vid þurfa. Þetta ættu vel at hugleida dugandis

húsfreyiur, og þad því framar, sem varla fást munu einhlítar reglur til leidarvísis í tiedu málefni, vegna ymiskonar umbreytínga, bædi í gripunum siálfum og iurtunum, ársins tídum, og líka svo vedur-hástu fari í serhveriu landsplátsi. Þó er lióst, at standi órend miólk skiemr enn þerf krefr, þá verdr undanrenníngin rióma blandin, er þýdir tepun smiørs, og nái hún oflengi at standa, þá setr sig þyckr børkr edr skán ofan á rióman, er stórum tefr strockskilid, hvar á ofan smiørid verdr rammt.

§. 17.

Miólk adskilz frá rióma annadhvert med berri hendi eda sleif og spæni. Hin fyrri atferd er á Íslandi alkunn, og virdiz betri inni sídari, se hendin hrein, og handar jadrinum smeigt undir ríómann sem hæfir, þá er rennt er: en útlendum þykir sinn sidr fegri, sem vel má vera ef óræklur eigu í hlut. Þó hygg eg bædi ríóminn skiliz granngiæfiligar frá miólkinni eptir Íslendskum hætti, og líka er audsært, at med slíku móti

geingr

geingr fliótarr at renna, enn þá er ríóminn er veiddr af ofan.

§. 18.

Hve lengi geyma megi ríómann at ósekin, er mest undirkomid hita og kullda. Þetta sezt gleggliga þar af, at þótt ríóminn mergum sinnum á sumar dag varla fái án skemda bedid í 5 dægur, þá súrnar han þó eigi um tvøfaltt lángan tíma á vetrum. Dægurstad-inn ríómi og ný-rendr, kallaz jafnhæfr til smiergiørdar. Nú 'er nautpeníngr fárr á búi, svo fyri þá sek má eigi í strock færa á degi hverium, edr svo opt sem hentar, og læsir sig súr í ríóma, þá er þó smier þad eins hæst til útlendskrar verslunar, edr iafn-betra enn ella, bresti eckert annad á, en liúf-fengara í annan stad-telz ný-ríóma smierid hófsliga salltad og á bord borid meirihåttar mennum, þá er fyrir skemstu er búid at strocka. Vid súr í ríóma finnaz ella þau rád løgd, at madr tekr til dæmis, sunnudags ríóma, er stadid hefir í ósyrdu íláti þar til um daginn eptir, og hellir hønum saman vid

mánudags riómann, og heitir sídan hvart-tveggia yfir elldi. Fer svo fram alla viku, þá súrnar riómin hvergi, nema undan se fellt at skipta um rióma hylki dag hvern *).

Annarr

*) Professor Berchs í Svíþiódu hefir grandgiæfiliga og morgum sinnum athugad (sem sezt af þeim S: W. Acad. Handlinger árin 1745 og 46.) miólkurinnar ásigkomulag, og hversu ad skylldi fara, svo best gegndi at strocka, edr at skilia áir frá smiørinu. Eru tiedar tilraunir ábyggdar þúnga miólkurinnar í líking med vatninu, eins sem stórkleika eda trøppu-gángi hita og kullda á ymsum árstins tídum, og skulu mar fyrstu 18 trøppur ad telu, vera rett til hæfis vandadri smiørgiørd, eptir því sem Reamúr hefir merkium hita og kullda nidrradad. Ofan á þetta bætiz þad, at madr siá hefir adgiætt háttsemi margskonar miólkurgripa, og eigi sídr fódrsins umbreytingar bædi úti og inni, sídan reynt at strocka brodd, nýa miólk og undanrenning, og þar næst glænýiann rióma, enn þá súran er stadid hafdi 12, já 60 stundir edr fleiri, bædi í vídum og miógiordum ílátum. En fyri því at frá slíkum tilraunum er oflángt at skíra

í þeß-

Annarr máti at hallda riómanum ósúrum lánga hríd er sá, at madr hellir miólkinni í hreint ílát, og lætr svo standa þar til er rióminn er ákominn. Tiu stundum sídar, setr madr greint ílát med øllu saman ofan í annad stærra ílát, hálf-fullt af vatni, og því nærst hvertveggia á hellu upp yfir elldi, edr ofan á heitan járn-ofn, þar sem hans er kostr. Svo stendr þetta þar á, þángad til rióminn flýtr allr á ofan, en miólkin ordin so þunn og bláleit undir sem gegnir, þá veidizt ióm-inn af ofan, og má lengi geymdr, ef vill; en á hverium tveim dægrum edr optarr skal umskipt rióma hylkium, sem fyrr var ritad.

í þeßum bæklíngi, og margthvad þar at lútandi almúga óskilianligt, þá er þetta í stuttu ágripi mergr málsins, at úr súrum rióma vard optast nær meira smiør enn úr nýium, og meiri rióми ofan á miólkinni í vídum, helldr enn mióm ílátum. Lá vel á kúnum var bædi miólkin og smiørid meira enn ella. Vid hag-lendis og hvers,, konar fódr,, skipti brá og svo lika, at vørmu spori.

§. 19.

Eg hefir ádr umrædt, at vandliga skylldi miólk sia fyrr enn sett væri, og id sama hlýdir um rióinann ádr í strock er færdr. Rióini er inn feitasti hluti miólkurinnar (§. 2.), og því er audvitandi, at hár megu eingu sídr vid hann loda, enn miólkina siálfa. Nú eru hár vidrstyggilig í øllum mat. hví þá eigi í smiørinu? Sakir þeß er miólk og rióini alldregi of vel siud. Rióini er annars fernslags, at svo miklu leiti sem Ísland snerta mætti, þad er nautarióini og saudarióini, geitarióini og hreindýrarióini. Geitarióini og hreindýra, er nú sem stendr eigi í miklu gilldi á Íslandi: en um nauta og saudarióinann er stadfastliga athugandi, at þeim hvergi se blandid, og sauda og kúasmiøri helldr eigi, einkum ef seliaz á til útlendra þióda, þvíat saudasmiør giørir kúasmiør hvítdrøfnótt, og þeßar drøfnur hallda útlendir menn, er eigi eru vanir vid saudasmiør, óhreinindi tóm, edr farda í kúasmiørinu, sem bera skal at rettu lagi gulann lit; enda er saudasmiør, þótt eintómis se, helldr eigi svo gott

gott til sölltunar sem nautasmiör eitt; af því er saudasmiörsins náttúru er ödruvís varid, enn nautasmiörsins.

§. 20.

Svo lítid atrid í búskap sem halldid er at strocka, svo erfidt veitir þó þetta starf á stundum. Ársins tídir eru ólíkar, eins og stundir dags, og dagr hverr ödrum: mismun þenna finnr smiörid ærid gleggt, sem inni er falid í ríómanum. Öllum eda flestum húsum er svo háttad, at innst í rúmi er jafnan hlýiast, en kulldi mestr nærst hurdum út, því skal strockr standa á sumrum ytst í búri hverin, en innst á vetrum, og þá jafnvel setum þakinn. Her af má ráda á hverium tíma dags skekia skuli í hag ser, sem er á vetrum þá er sól ser hærst á lofti, en á sumrum árla dags og vid nidurfall sólar, vegna þess smiörid skilz þá betr, og menn umflýia þar vid ofurhita dags, er þess á millum velldr, at smiörid verdr rammt og grænt ílitum, sem eigi er alllítill hnekkir í kaup[illegible] og sölum, en í ofurkullda þýdiz salltid hvergi smiörid

smiørid svo vel sem skylldi, med fleiru þar ad lútandi, sem sídar skal sagt verda. Annars hlýdir sídr enn eigi annad, enn at strockkonur gángi ørdugt til starfa síns, og hvergi álini í fyrstu ef duga skal, en þá neyti minna þreks er áfækir, og láti þó bullu fara ódum upp og ofan at botni, þar til er eins og gulir dropar vidlodi bullustengina, sem eru merki til skilnadar smiørs, og at þá eru strockverk nær því til lykta leidd. Nú ber svo undir, at gridkona verdr aflþrota og kemz eigi skil á smiørid, þá ráda sumir búmenn, at hella skuli heitu vatni, heitri miólk edr heitri syru (ef ediks er eigi kostr) í strock ofan, en adrir at í se látinn strock gódr kleggi af glænyiu smiøri, og skipaz opt vel vid þeßi ráð: en salltiburdr er hégómligr, eigi at nefna ótal ønnur hiegylíu ráð, sem bábilliu almúgi hefir látid ser lynda at setia trú til í þvílíkum kringumstædum, og her eingi þerf er at um ræda.

§. 21.

Strocka kalla menn ílát þau er húsfreyiur almennt íhella ríómanum, til þeß at skilia þar

þar í áir frá smiorinu med bullunni. Strockar eru margskyns. og þad,

1) Hinn almenni strockr hiá oß á Islandi og í Norvegi. Han er miórri nedan enn ofan, og litill og stórr eptir ásigkomulagi og miólkurbyrgdum fólks. Bulluhøfudid er í Norvegi skapad í kroß af trie=spítum, og vídirtága umgiord, snúinni kríng um høfudid, med fiórum þríhyrndum holum á, og þannveg nockud ødruvis lagad, enn sem vídast hvar á Islandi.

2) Strockr sá er brúkaz bædi á Englandi og í Þýdskalandi, og vídarr annarstadar í Løndum, er vídari nedan enn ofan og optast vexti farinn, sem Islendskir strockar á stadarbúum.

3) Naudstrockr (Tvangkierne) þrændskr at kyni, er þar í frá brugdinn inum fyrsta strocki, at bullan í þeßum gengr í giegnum naglfasta støng, þvertrie edr bita uppi í búrinu, og má því hvergi úr skordum færazt, á medan gridkona er at verkum. Þeßi strockr

þykir

þykir miklu ørdugri hinum og fyri því eigi alþýdu heutr.

4) Hinn svo kalladi Hævelkierne í Noregi edr Stángarstrockr, sem máladr finnz á Tab. 1. Fig. 1., er miórr nedan og vídr ofan, en med eyra á eins og skipspumpa edr dæla. Því er þeßi strockr Stángarstrockr nefndr, at úr bullu,, enda inum efra gengr leng stėng, edr stiaki sem tekid er í þá strockad er, og liggr sá á axi einum, þad er hiólgaddi, keyrdum í gegnum adra steng hángand i uppi í búriuu. Bókstafurinn A. sem ritinn stendr á greindu málverki, bendir til ins nedra enda þeßarar stángar, en bullan B. med høfdinu a a a, liggr ødrumegin strockfins og er eins gier, sem ádr var talid um almenna bullu strocks í Norvegi. Sveifin C. er hún sem í er tekid. Annars er stángarstrockrinn þar í hinum fyrirfarandi strockum fremri, at til þeß ad strocka í stángar strocknum þarf miklu minna afl, enn ef skekia skyldi med armleggium einum, jafnvel þótt bullan þar hiá gángi nockud seinna upp og nidr, med sveifinni.

inni. A stórbýlum, og annarstadar hvar mikil er málnytia, hallda menn slika strocka ómissandi, eru og enda eptir málverkinu lett giörvir, af hverium lagtækum manni. Vid eyrad med kroßgatinu á, skal binda strockinn nidr, svo eigi hræriзt úr skordum á medan skekid er.

5) Möndulstrockr (Drikkekierne) er vídari nedan enn ofan, og med stærra hagleik giörr, enn þeir strockar er fyri skömmu var umgetid. Af möndli þeim er leikr á völltum í nánd vid bulluna, læt eg þetta ílát draga sitt nafn. Annars strocka þeir einir menn þar í, sem hafa fiöllda kúa á búi og mikid umleikis *).

6) Vin-

*) Þeßi strockr er máladr í þeim norsku Videnskabers Selskabs Skrifter 5. Deel, Tab. 1. Fig. 4. og annarr sem eignadr er Scheuchzer (itin. Alpin. II. Ao. 1703) á Tab. 2. Fig. 2. í áminstu skrifi, hverir at taka möndulstrocknum mikid fram, bædi at hagleik og dýrleika, eins og in svo kallada Butterrolle, sem málud stendr í Zinckens algem. oecon. Lexic.

6) Vinduſtrockr (Vindkiærne) er giørdr ſem ſtunna, med litlum edr eingum bumbi á, og ſvo at kalla ſer,, hyrndum bolmunna (edr ſponsgati), nokkuru ſtærra enn á tunnu. Hurd á hiørum med heſpu fyri geymir riómanns, enn á botna báda vinduſtrocks í middiki, er negld ſveif af járni, áþeck hverfiſteins ſveif, til ad hallda um, þá ſtrocknum er ſnúid, er ſlatr liggr á hiólgeddum tveim úr ſveifinni, ſem faſtir eru í bádum botnum, og á ſtólum ad mind ſem fiſkihiallstrønur. Innan í ſtrocknum liggia annadhvert, tvær rimar giørvar af trei, og negldar í báda botna á ſtrocknum, eda ferhyrnd fiøl med þrem gluggarødum á, og ad tølu 5 á lángveginn en 3 þvert um. Er þetta giørt til þeß ad fliótarr ſkiliz ſmiørid.

Lexic. 3. útgáf. 1. D. §. 455. Tab. 2. Fig. 2. En med því eg hygg at Island eigi vid þurfi betri ſtrocks enn ſtángárſtrockinn er, þángad til Gud gefr frekari lagfæríngu á landyrkiunni, og almenníngi meiri efni, enn nú um ſtundir, þá hefir eg halldid óþarfa, at mála upp edr rita fleira um møndulſtrockinn, líka ſem hina Scheuchzers og Zinckens, at ſvo ſtøddu.

rid af strocknum er tekid út,um bolmunnann, líka særiz þar rióminn um inn. I Norvegi eru tiedir vindustrockar almennir, og þykia nýtir í búi, nema tunnan se miog á barma full, þvíat þá veitir einum tregt ad snúa, og skylldi því sveif í bádum botnum, svo tveir mættu tilgánga, ef áliggr. Tab. 1. Fig. 2. ávísar hversu þeßi, á Islandi sásedi, vindustrockr er giorr.

7) **Vindustrockr med hiólum** litr út sem þríbent strympa, og er nærstum því eins vídr ofan og nedan, en midt í botninum innanvert stendr járnþró edr bora, hvar í bullan leikr, og í lokinu ennur, med litlu hióli tenntu á ofan og hnitúdu fyrir endan, er færiz umkríng ásamt bullunni (en eigi upp og nidr sem í edrum strockum) af edru stærra þverhióli, hángandi á járnteini med sveif á, í millum beggia eyrna strocknum. Ut úr bullunni siálfri standa vída hvar trenaglar, sumir lengri en sumir styttri, til þeß ad því meiri gángr í komi ríómann á medan

verid er at strocka. Nordlandsbændr í Norgegi kunna ser vel vid slíka strocka *).

8) **Vatnstrockr**, hefir sitt nafn þar af, at bullan gengr upp og nidr fyri tilstilli vatns eins, sem fellr á hiól ofan og sídan siálfkrafa flytr verkid, en þeßi strockr er þó eigi almennr, og Islandi varla hentr at svo stoddu, hvad mer einnig virdiz.

9) Um

*) Jafnvel þótt margskonar strockar hafi med hagsnilldum miklum giørvir verid á enni seinni veralldartíd, bústýru starfa og gridkonum ásamt til hægdar auka, þá er þó eigi giørandi íhugar lund ser, at slíkir hafi jafnan um alldr strockar verid, sem nú eru þeir. Einhver bylltíng, er á kemr miólkina, er undirbúníngsstofn smiørsins, vidlíka og þá er miólk lengi gutlazt í steckiar kollum, fer svo fram, at á má siá skiæni og løggum agnir smiørs þegar heim er komid. Barbarar láta rióma sinn í hafrstøkn-belg vídan og stóran, er sá þaninn út í millum tialldsúlna tveggia edr tialldsúgreipa um blæinr þvcrar. Þá beria menn á belg þeßum þar til er smiør er í nánd; eigi at fást um fleiri þióda strockunarhætti á ennum fyrri tímum.

9) Um Hestastrockinn, þótt han se allvída brúkadr á herra býlum í Danmørku, og þar sem þau svo kølludu stóru Hollænderí (nautabú) hafa reist verid med 3, 4, og iafnvel 500 kúa at hveriu; því allt þetta er enn nú ofrefli fyrir Island ad rádaz í, hveriu sem sídar meir framvindr. **Róma var eigi byggd á einum Degi.** Er svo fulltalad í þetta sinn um strockana, þegar því er vidbætt, at strockr hverr skal þveginn ad gagni, þá lokid er búverkum, eins sem dallar og skiólr, kerølld og koppar edr ønnr miólkr ílát, hveriu nafni sem heita, og þad eigi í seydi neinslags, kietsodi, skolavatni, bløndu ne sióblendíng, helldr í táhreinu vatni, og ef eigi úr volgu ávallt, þá þó úr kølldu *).

*) Hvar sem eg hefir utan staddr verid, hvart sem helldr í Danmørku í Svíþiódu edr í Norvegi, og adgiætt sidu kvenna, hefir eg sífellt var vid ordid, at gridkr hafa gengid at verkalokum, enn þótt siarfad hafi ákast um daga, og siallad um búsgagn hvert, at bodi húsmædra sinna, þvegid, fægt og hreinsad serhvad

§. 22.

Eg hefir ádrepid í stuttu máli hve fara skuli at strocka, og í sama máta at mer virdist stángarstrockurinn hentastr Islendíngum, svo sem nú er ástatt, af því han sparir at vísu þriggia kvenna atgøngu, þursi á at hallda, kostar og líka svo litid, at munrinn á hinum Islendsku strockum og tíndum stángarstrocki er eigi meiri enn svarar átta fiska virdi. Nú vil eg ræda um atburdi þá, er hafa þarf til ad skilia smiœrid frá áunum, og ser slíkt fram á þrefalldan hátt, þad er at segia, med triekefli einu digru í annan enda, medr sleifarbladi edr hendum berum. Hin sídarsta atferd þykir best kierin, fyrir þær sakir at hægra veitir med svo felldu móti at lidka áir fra smiœrinu, enn med sleif edr kefli

hvad innanstocks, líka setur, bord og becki á landsbygdinni, og at því starfi búnu, gengid fyrst med gladværd *til hvílu*, og aptr ad morgni risid árla dags til útiverka, án nockurrar úlfúdar edr ólundar. Látum oss adgiæta hvert vinnukonur á fróni ætíd fari svo ad þegnum sínum! Opt er lítil stund til góds.

kesti einu. Eigi smiør skamma stund at geymaz, þá hallda Englar best duga, at það se strax af strockinum lagt í kallt vatn um hríð, enn ella hvergi. Svíar og Nordmenn giøra og ráð fyri því inu sama. Air megu fyri hvern mun grandgiæfiliga úr hnodadar allshattar smiøri, og heitir þá vel hnodad, er smiør verdr í seigt, en vatn litaz hvergi ef í er vatni hnodad. Vel hnodad smiør ber gulari lit enn hvad annad, og sætir litr sá eigi litlu í kaupum og sølum. Broddrióma blandinn med ødrum rióma, ítem saffrán og eggiablómi borinn í nýtt smiør, giørir smiørid einnþginn gult ílits, en tínir þó jafnframt því miklu af sínum náttúrliga smeck og edli. Ofhnoda má smiør, svo at sallt eigi ávinni sem hæfir, en varla hæra framar þørfum. Lángr hnífr hvaß af járni giørr, og eigi trei einu er skapfarligr at hafa til smiørgiørdar. Skal þeim rennt um smiør þvert og endelángt, þar til er hvergi hár í loda.

§. 23.

Nú er smiør hært sem gegnir, og hlýdir þá at út se flatt í hreinu trogi edr á diski fletum og ádreist sallti at vormu spori, en þá vel hnodad af nýiu, svo salltid nái jafnri umferd í hveriuin hluta smiørsins. Sídan standi smiør ónidr-drepid um hríd, og ná þá áir enn af at renna. Þá skal smiøri nidrdrepa, med sallti í millum lags hvers, og salltpekli vidaukid, eigi smør lánga dvøl at hehia til sølutímans. Nú skylldi her og fráskírt, hve mikid sallt hafa þurfi at rettu lagi til at sallta med 1 pund af kúasmiøri og svo framvegis, en hverr einn getr nærri, at medr því fódri gripanna er ýmisvegar háttad, eins sem smiørinu siálfu eptir ársins tídum og mørgu ødru þar at lútandi, svo hlýtr og mikill munr at vera á ýmiskonar miólk og smiøri. Fyri því er fitan í smiørinu og saltsmeckrinn á túngunni, á medan verid er at sallta, sá beinasti leidarvísir til at hitta rett hóf í sølltunar verkinu. 1 pela sallts hallda Enskir nær því mátuligan til at sallta med 20 pund smiørs, en hálfan annan pela of mikinn.

mikium. Irlandslög leggia Tíu skillðínga Sterlings straff edr 15 marka sekt í Danskri Courant mynt vid, fyrir hver 112 pund af fersku smiøri, þad eru 100 pund eptir danskri vigt, sem eigi eru þannig søltud, at salltid til fulls hafi smellt, eda mengad sig med smiørinu, á medan verid var at hnoda smiørid saman vid salltid, og eru rek þau til þeßara laga, at mønnum veitir hægt ad sallta smiør osmikid, sem eigi hlítir, þvi þá lidr kaupandinn skada, sakir þeß moli hverr af sallti er þýngri enn annarr einsstórr biti af smiøri, og þar ad auki verdr osfalltad smiør óætiligra enn ella. En se nú svo þúng sekt vidløgd osfalltad smiør á Irlandi, hvad mundi þá vidliggia ef þad væri hárum vafid, ferdugt edr á annan hátt illa til reika? annars er, sem ádr greind fyriskrift í þeim Irsku løgum um smiørsølltunina se verdug at eptir breyta; þad er og siálfsagt, at þá er menn hnoda salltad smiør í vatni, tekr smiørid skemdum, þvíad vatn tekr afl frá salltinu. Augusti, Septembris og Octobers mánada smiørsafn á fremur edru smiøri vel vid sallt, en vor-

smiør miklu sidr. Vætuhrídir og hey frugg-
ad, næturkulldi og annad þvíumlíkt há grip-
unum miøg, en spilla smiørsins giædum, og
kemr allt þetta fram þá er fara á til ad
sallta.

§. 24.

Nú er at ræda um salltid í siálfu ser.
Sallt er margskonar, sem vitanligt er, en
allskonar sallt er þar fyrir eigi hent til þeß
at sallta smiør med, helldr einúngis tegundir
þær er best þýdast smiørid, og syru þá og
sallt sem inni eru falin í smiørinu (§. 5.).
Þau Irsku løg leggia 15 marka sekt vid
fyrir hver 100 pund er hitt fást sølltud, med
ødru sallti enn hveitisallti einu, þad er ad
skilia hreinsudu Leverpólsku steinsallti, og
semu útlátum sæta þeir er rugla nýiu og
súru smiøri saman. En se eigi kostr á En-
gelsku sallti, þá leyfiz at sallta med því inu
hvíta Portugísiska sallti vel muldu. Her
af má ráda at grásallt kaupmanna hæfir
hvergi smiøri, og helldr eigi eitthvert siósallt,
af því grásalltid er óhreint og siósalltid optast
send-

søndugt og kraftalítid og biturt. A Islandi er eigi um annad sallt at velia enn um grá-sallt og spanskt sallt, ít. franskt og Islendskt sallt. Tvær inar fyrst tølldu sallt-tegundir þarf eigi ad nefna at svo miklu leiti sem smiørinu vidvíkr, en franska-salltid er hinum miklu framarr til sølusmiørs sølltunar, eins og id Islendska til hvarstveggia, se þad þrótt-gott nóg og eigi sandi blandit, sem vel má vera, þar sem addýpi nockut er þar vid sió, er salltverkid hiá stendr. Aa-smiør, þad er þeßkyns smiør, sem strockad er úr áarióma einum, og tídkaz eigi án ábata, bædi í Englandi og Norvegi allvída, skal líka sem annad smiør sallta med áminstum salltteguudum, þó þarf áa-smiørid minna sallt, enn almennt smiør, af því þad er magrara.

§. 25.

Um smiør ílátin er þad at segia, at þau skulu eingu sídr hrein giørr og þvegin í heitu vatni, enn miólkr ílátin, ádr smiøri se ídrepid. Eg segi hreingiør og þvegin, at svo miklu leiti sem Island snertir, af því þar optast-

nær ber sú naudsyn til, at menn megu kaupagemal barjel til smiørs ílâta, en þótt þvílíkr kaupmannskapr se berliga gagnstædiligr annarra þióda atferd og veniuligum hætti. Á Irlandi eru smiør ílátin giør af eik, sem þángad er flutt frá Philadelphia, Virginia og Ny-York í Englandi, og bióda løgin, at eik sú se þur, heilnæm og høggin í áqvedna tíd. Engi madr hveriu nafni sem heitir má smída edr smída láta smiørbarjel úr ødru triei enn tiedri eik; þó nefna løgin annarstadar eskivid, beyki, birki og vídi. Af allskonar furu dregr smiør óþægiligan dám, líka sem af grenivid øllum og einkum nýium, þegar lióssa-vidrinn edr hvíta grenid ad nockuru leiti er undan tekid, þvíad þar í er minnst af qvodu. Á rek vid furu ílátin eru lagarog gamlar salltunnur kaupmanna. Danir, Nordmenn og Svíar smída flestøll sín smiørílát úr eik og beyki, en þó miklu fleiri úr beyki. Slík ílát ættu at flytiaz til Islands spány, því annars er eigi trútt um at smiørid verdi smeckgott, hversu vel sem gømlu ílátin eru þvegin, og um allt annad vandliga

liga búid af hreinlátum húsfreyium *). At sennu er enn nú margt fleira rædt um smiør-ílátin í þeim Irsku lögum, svo sem til dæmis: hve mörg bend edr svigar á skuli vera íláti hveriu, hvernig ad skapnadi búin, á hvern hátt brend edr mørkud, og hversu þúng ad vigt, o. s. framv. en þvíumlikt er verslunar-manna at uppqveda. Einasta vil eg geta þeß at til þeß eigi se ofmikid edr oflitid smiør í íláti nokkuru, og fyri þá sök halldi ser midr enn ella, þá banna áminst lög, at nockurt smiør-ílát megi gengt í kaupum edr sölum, sem í er minna edr meirr enn 50 pund í minsta lagi, og 300 pund þá mest er. Vid allt þetta eru sektir lagdar, og yfervölld sengin lögum þeßum

*) Hve óreliga opt ferr um leigna smiørid og súra smiørid vída hvar í Landinn, þar um er eigi minn ásetníngr at fást at sinni. Miklu velldr barjelaleysid, en traudliga allri slikri medferd, ef rett er adgiætt. Hægt er at melia salltid, hægt at hnoda úr áirnar, hvert sem smiør er salltad edr eigi, og hægt at tína há-vadan úr af hárunum. Allt þetta er kvenna stark og eigi karla.

þeßum til vardveitslu. Svo mikid þykir þeßari þiód umvarda at hafa ósviknar vørur til sølu. Þar á liggr og mikid, vilie menn eigi týna eigu sinni, og stundum æru med ef til vill. At lyktum má fremr ráda af laganna bókstaf, hve ótrútt se um at i drepa smiøri gømul ílát, sem fyrr um var tínt, þar svo er komid at ordi. "Hverr sá madr er drepr smiøri í brennd ílát sem einu sinni tæmd eru, og segir nýtt merki á vera, bæti 22 mørk 8 ß. fyrir hvert ílát, sem uppvíst verdr."

§. 26.

Þá er athugad verdr, hve dýrmætt smiørid er nú á døgum og hversu almennt ordid, einkum í Nordrhálfu heimsins, svo mætti mønnum breytiligt þykia, at smiørgiørdin svo seint á tídum er á loft komin. Þau in griksku skálld og heimsspekingar geta um ost, en smiør finnz eigi nefnt í skrifum þeirra. Aristoteles ritar mikid um miólk, en drepr eigi á smiørid med einu ordi. Rómveriar binggu mikid smiør til; þó neyttu þeir þeß eigi á adra leid, enn í læknisdómum einum: og vitnar

samt

samt Plinius, at Rómrerinm var eigi ókunn nautn smiörs í ödrum löndum. Adr enn Hollendíngar sigldu med smiör til India hinna eystri, höfdu Indía,, menn einga nióśn um smiör búnadinn. En hvad um smiörsins alldr er, sannliga! þeß nytsemd er nú á dögum mörgum gnógliga kunn ordin, og þad á þrefalldann hátt, edr 1) at því leiti sem matlífid snertir. 2) í tilliti til innvortis lækmisdóma. og 3) til útvortis áburdar. Eg vil drepa nockud á serhvad eitt.

§. 26.

Hvad vidvíkr því inu fyrsta atridi, þá vitu allir, at af íbornu hreinu og vel verkudu smiöri, verdr nærstum því hverskonar fæda liúfengri enn ella, sakir þeß smiöri blandinn matr náir lidugar at renna um kverkar manns, enn óblandinn. Auk þeß kemr smiör því til vegar, svo sem öll önnur fita, at maginn verdr háll, er eigi flýtir lítid umferd matarins í þörmunum, og fyri því má smiör med rettu kallaz næríngar medal fyrir líkamann eins og annar matr. Eigi at tala um hve

miklu

miklu hófliga etid smiør orkar í því at sefa
offastækiu líkamanns veßa, en gángi smiør
át fram úr hófi, þá týnir maginn afli sinu,
og smiørid verdr at rammri og þyckri frodu,
er lokſins velldr hálsbruna, kveiſu og fleirum
þeßkonar ſiúkdómum. Hreint og klárt vel
ſúrt smiør, er ekalauſt eins hollt ſiómønnum
og ſalltad smiør, en gráda= og ſeyrad farda
smiør eingum lifanda manni. At morgni dags
kalla Saxiſkir=menn gullvægt at eta smiør,
ſilfurvægt um middegi, og blývægt at
kvelldi, hvar af ráda má, hvenær holluſt ſe
þeßkonar fæda. J annan ſtad er glænýtt
og hreint smiør eitt hid beſta medal á móti
allſkonar forgiſt innvortis, hvert ſem helldr
hún kemr af málmgufu, ſteinkolum edr ſkad=
vænum jardar urtum, er menn ſtundum eta
át óvørum ſer. Þar ad auki hægir smiør
vallgángi, á vid þurrum hóſta, og flytr burt
ſtein rífliga inntekid í heitu øli, eptir ſkir=
ſngu lækuaranna Horts, Píſonis, Weckers og
Sebetii. En Lúſitanus qvedr smiør blandid
med

med sikri og hunángseim vídeiga magaverk og slýta blódlátum qvenua. Í þridia lagi linar ósalltad smiör útvortis áridid svida í sárum, eins og línolian giörir. Hinn mikli madr og alkunni læknir Stahl rædr, at leggia vid kalin sár umsal giort af smiöri, vagsi og braudskorpum, vel samanblandid. Smiör dregr líka út kyli, og er gott til at rýda um tannkiet úngbarna, þá er tennur vilia eigi liúfliga útspretta. At Grickiar og Rómveriar hafi halldid smiör-umsal kostuligt til at smyria med hefudhár sín, þad má ráda af því er Sídonius til skrifar Catullíno, líka sem Plinii ordum er han mælir á þeßa leid, segiandi. "Pad er breytiligt at barbarar þeir, er lifad hafa af miólk í mörg hundrud ár þeckia annadhvort eigi nytsemi ostanna edr og fyrirlita þá ina sömu, þar ed þeir nýta eigi annad af miólkinni, enn lítilfiörliga situ og súrar áir, og er Appollinaris inn fyrsti madr sem frá hefir skirt, at þeßi sita hafi brúkud verid til hársmurníngar." Framvegis

vegis búa læknarar til ymiskonar innvortis og útvortis medøl af smiøri, mengudu med margsháttudum, ødrum tegundum er vel hafa gefiz og finna má í útlendskum læknisbókum, en her eigi hlýdir fleira um at ræda, helldr enn komid er.



Annarr partrinn
um
Ostabúnad.

§. 1.

Sá inn mikli og audsiedi munr, sem á er gódum og lekum ostum, hefir án efa komid því til leidar, at margskonar þiódir her í nordrhálfunni hafa á inni seinni elld, eins sem rembst hveriar vid adrar, ef svo mætti at ordi komaz, í því at leggia losta á giærviligt ostasmídi. Englar og Þiódverskir, Frackar og Hollendíngar, Svíar, Nordmenn og Danir, hafa og áunnid ser makligan losstyr fyrir ostasmídi sitt en þó traudliga nockr þeßarra þióda, svo mikinn, sem inir kostgiæfnu Hollendíngar. Ver Islendíngar sitium á hakanum bædi í þeßu efni og mörgum ødrum, má og vera at sumum þyki litid í spunnid ostabúnadinn, en hví náum vær þá eigi enn nú þángad tám í ostasmídinu, er hinar ámin-

stu þióðir lengi hafa haft hælana? sakir til þeß eru margar, sem eg kalla at liggi í augum uppi, og þar á meðal eigi síðstar verslunarinnar breytilig háttsemi, og kunnáttu skortr um ostagiørðina. Á verslunnni er eigi úrkulavonar at ráðin verði bót af vitrum mønnum, þá er fram líða stundir, en gæta eg nú strax eitthvað búið húsfrehium í hag, og hrundið nockru af þeirra fákunnáttu um ostasmíðið í braut, munda eg glaðr við verða, og í því skini eru þeßar fár blaðsíður prentsmiðiunni selldar.

§. 2.

Drasliun eðr hinn þyckvasti hluti miólkurinnar er undirstøðulig vera í hverskonar osti, en þeßi vera umbreytiz næsta mióg eða verðr ólík siálfri sér við ymsar kríngumstæður, og fyri því er svo mikill munr ostanna. Ur undgnrenníngar drasla eintómis, sem ávallt er þurr og óþiálgr, verða eigi nema seigir ostar og harðir, sem flestir inir Íslendsku, er jafnframt því eru hellz of þunngiørðir: en þegar nokkuð af rióma er blandit með draslanum,

þá

þá tekz ostagiørdin betr, og ostarnir verda bædi meyrari og líka svo snøggt um smeckbetri enn ella. Þeßarar tegundar eru þeir gódu Hollendsku og Engelsku ostar, Sveitzaog Thýbyggia ostar, þinir svo kølludu Parmesanir og þeir frønsku Delphinat-ostar, Livarot- og Roofort-ostar. Margir leida ad sønnu þann mun, sem á er seitum og møgrum ostum, af nißiøfnu þaglendi, sem kvikfénadinum er í beitt um sumardaginn, eins og skiptum fódurs á vetrum, en greindan mißmun leidir med sønnu eigi allan af þvílíkum efnum, helldr jafnframt því af tilbúníngi og medferd þúsfreyunna á ostinum siálfum og miólkinni og draflanum, er ostarnir eru afgiørfir. dæmi her til eru deginum lióßari innanlands sem útan, þvíat þótt þagabeitin se ærid gód í þaglendi nockurru, þá skýtz þó fákunnanda kvennfólki er þar á heima svo miøg um ostagiørdina, at adrar reyndari bústhyrur, er byggia skerdslu ja:dir, búa miklu betri osta til, enn þad. Þó má eigi í móti mæla því, at á fódrjurtum er ædi mikill munr, og at af sumum þeim er penníngrinn

ett, verdr bædi miólk og smier og ostarnir rammir, svo sem til dæmis af margskonar sveppum, maljurt og skarififlum, af allskonar lauktegundum, Sóley, lækiasóley og murúm; item, miólkberandi jurtum, mynt, Ærupris o. s. fr. en sumar jurtir þar í móti veitá betr osti enn smiöri: hvar af audsært er, at gódir ármenn megu sifellt hafa gætur á haglendi sínu, og iduga raun til giora, hvert ad betr se varid beit einni til smiörs edr ostabúnads, þvíad þar um vardar störum, sakir þess hvart um sig hlynnir svo miög at búþorfum manna, og se svo at vart um verdi ódugnad haglendis á einhvern hátt, þá má rækt vid leggia tún og engiar, og standa kostir miólkur í stad ella, til hvers er hafa þarf.

§. 3.

Jafnvel þótt draflinn skiliz audvelldliga af siálfum ser frá misunni þá er miólkin er vordin súr, þá hafa menn þó eingu ad sidr til flýtis og hægri verka til fundid þau medel er miólkin afhleypr glæný, og þeßi medel

kallaz

kallaz ser í lagi lifiar edr kiæsir. Miólk hleypr ad sønnu af allskonar sýru, en engi sýra er svo samqvæm miólkurinnar eginlig-leikum sem sú sýra, er í er møgum landdýr-anna og einkum hinna nýbornu kálfa, er sogid hafa eptir burdinn nockurum fám sinnum mædur sinar. Vor-kiæsir þykir betri enn hinn er til er búiun á vetrar edr á haustdegi, og skal svo med hann fara, at þá er kálfum er slát-rad, taka menn maga þeirra, hella úr og sía misuna frá draflanum, en láta aptr í magana þá þvegnir hafa verid í hreinu vatni bædi utan og innan, og hár eru frá numin drafla-num, ef í eru. Eptir þad skal magi hverr ádreifdr sallti, eins sem lifiarnar, og heingdr upp vid vindi til þerris, edr uppí þak á úti-búrum en eigi í elldaskálum, þvíad þá verdr sótsmeckr ad oftunum. Þeßkonar kæsir vard-veitiz óskemdr lánga hríd og er at sidurstu lángt um øflugra hleypíngar medal, enn í fyrstu var han. Sumir hella einúngis nocku-rum dropum af því vatni í miólkina er lifin hafa í legid, þannig sem í Hollandi, en adrir sallta einkum á vetrardag kálfs maga ysting-

inn, og skera sídan þar af smá sneidar til at hleypa miólkina med. Med súrum og Jónsgrasi, lifiagrasi og fleirum þeßháttar jurtum, má og miólk hleypa ef vill, sem ádr var tínt, en hvergi svo vel til osta, sem medr rindum kiæsismegum. Þeir sem eigi umhirda hve lif eru tilbúin, hafa svo búinn skada sinn, fari ostasmídin sídan aflaga.

§. 4.

Pad er satt, at seu ostar kostum búnir at øllu ødru leiti, þá vardar harla lítid um løgun ostanna, en engu at sídr siá menn þó, at kringlóttir og ávalir eru algengnastir, svo sem eru inir hollendsku ostar, Eydarstads og Holsetu ostar, o. s. fr. Þyckvir ostar fara ætíd betr med sig enn þunnir, eins sem kringlóttir þykia medsæriligri enn flatir verslunarmønnum. Um ost-kisturnar edr ostaformin man fleira skráð verda sídarr meirr.

§. 5.

Ostar eru margskonar sem ádan sagdag (§. 2), þótt fæstra þeirra útlendu osta tilbúníngr se mer at fullu kunnr, en á medal

þeirra

þeirra er eg kann nockura grein á giöra, er 1) Hinn Hollendski, 2) almennir Engelskir ostar og Chester-ostar, 3) Smálands ostar, 4) Holsteinskir nautabúss ostar, 5) Sælendskir og Engelskir ásaudar ostar, 6) Knapp- (edr hnapp-) ostar, og 7) inir Nordsku ostar.

§. 6.

Nordskir ostar eru aptr margskonar, svo sem 1) hinn svo kalladi Ricæs-ostr edr Ricæsis-ostr, 2) Seyddr ostr, 3) Undanrenningar-ostr, 4) Rióma-ostr, 5) Drafla-ostr, 6) Konu-ostr, 7) Eggia-ostr, 8) Vín-ostr, 9) Öl-ostr, 10) Abristna-ostr, 11) Geit-ostr, 12) Eptir-ostr, 13) Saud-ostr, og 14) Hreindýra-ostr. Eg vil geta nockud um tilbúning hvers þessara osta ser í lagi.

§. 7.

Hvad enum Hollendsku ostum vidvíkr, sem taldir eru med bestum ostum, þá hleypir madr fyrst miólkina annadhvart med kálfsmaga lifinnum siálfum, edr sneid þar af, lagdri innan í líndúk einn og bleyttri í vatni ádr hleypt

se. Sídan er hrært í drafla kyrnunni med staut í frekan fiórdúng stundar, edr enn lengr ef eigi er ádr yst vel, en þá misan svo ná-qvæmliga frá siud draflanum sem vegr er til, og er misa siá, enn blandin nockurum rióma, allhæfilig til smiørgiørdar. Ad þessu búnu drepr madr draflanum í ostakerid, sem er at løgun rett krínglótt nedan til, og giør: úr linditrei, en vídara nockud ofan. Hvílík ker eru bædi smá og stór, svo at sum taka 5, en ønnur 20 pund osta, og standa á fæti einum, og hafa hvert fyri sig 3 þríhyrnd got á botninum, at stærd sem kræki ber, med þum-lúngs-bili á millum gats hvers, og þar út um siast misan, þá er ostunum er þrýst í kerin, svo fast sem best má verda. Nú lídr eigi lángt um, og lidka bústhyrur aptr osta úr formum, en mylia ostadeigid at nýiu ysrid smátt á millum handa ser. Pad er id ann-ad atrid. Þá skal enn minda ost, med her um tveggia edr þriggia þumlúnga kúsi á, og leggia lok íhvolst á ofan, er inn af gángi børmum ostakersins, sem járnbennt skylldi hversvegar um hid efra. Sídan færiz steinn

ad

ad ostalødinni, sá er jafnvægi se 100 pd. og prófaz ostr hverr gnógliga fergdr, er legid hefir undir slíku hlaþi um fiórdúng sólarhríngs edr nockuru lengr, þvíad þá er iafnan loksbrún þverfiugri farid fyri barma nedan ostakersins. Eptir þetta bylltir madr ostinum andsœlis ofan í annad ostamót, sem á er ecki gat á botninum, en þó ad stærd og løgun eins og hitt id fyrra, og riódrar salltpekli um botn allan keri því, líka sem ostinn umhverfis, en hreytir hvíta-sallti úr hnefa ser um kúf ofan allsvegar. Ferr svo fram um sallt álagníng, salltpekil og umbylltíngar osts í þeßu móti, sem ádan sagdag, og at ostrinn þar í skal undir farg laginn at ødru hveriu, þángad til er bádum megin er vordinn allt ad einu at løgun og ásýndum úthverfis. Þá tak fialvid og legg ost þann uppá, og heng upp í útibúri einu, þar svallt er inni, en hvartki í þey ne þerri mikinn. Man þá svo at skorpna smámsaman utan, og eingar sprúngur ostinum at hneisu verda. og hefir eg svo farid utan um ostasmíd ennar Hollendsku þiódar. en hversu búnadrinn se innan til í

þeim gódu Hollendsku ostum, þar veitir bág-ara frá at skýra, sakir þeß þiód siá, edr ef svo má at ordi komast, þeßir ostberendur nordr-hálfunnar hafa gleggliga skyniad hve mikinn ábata Holland hefir og hefir haft vid osta-smíd sina framarr ødrum þiódum, og fyri því dulid osta tilbúnadinn. en þó er víst, at inir feitustu og stærstu ostar eru giørvir úr nýrri miólk og jafnvel rióma saman vid blend-num ásamt krydderie, en hinir lakari edr þeir svo kelludu skipsostar úr undanrenníngu, er stadid skal hafa í átta stundir ádr enn rióma se afrennt. úr þeßum rióma strockar madr id alþeckta hollendska edr leidska smier, sem er vel vid-sæmanda, og einkum þad er safnast í May og Junii mánudum. en greind und-anrenníng er ýst á elldi, og þar úr giørvir ostar at stærd og løgun, sem þeir er fyri skemstu var umgetid, edr og elldúngis flatir, sem inir leidsku svo nefndu Kúmensostar, er almennt eru markadir med tveimr lyklum í kroß, og þýda þeir þad id leidska Merki (edr vopen). Stundum er muldum negul-neglum sád innan um þeßháttar osta, en stund-

um

um eigi. Leidskir ostar eru úr tómri und-anrenníngu, eins og inir áminstu skipsostar. Framvegis er þó enn adgiætanda um Hollendska ostinn eda morgun-ostinn, sem han af edrum kallaz, at sumir segia menn láti miólkina spenvolga úr kúnum at morgni dags, og helli þar saman vid kvelldriómannm, item svo miklu volgu vatni at allt verdi mátuliga heitt, hræri sídan vel í ílátinu med þvoru, en þá hleypi miólkina med lisiamísu, svo súrri, at 1 spónblad nægi hverium 7 pottum, og varist at lisin siálf hvergi komi vid miólkina, svo at ostrinn verdi eigi blettóttr og fyri þá sek óútgengiligri sídarr meirr. Eptir þad skal miólkin standa eina hálfa stund í ker-alldi nockuru med loki á ofan, og kallaz þad nægr hleypíngartími, ef lif eru kostum búin. En se svo at miólk hlaupi eigi, þá skal meiri lisiamísu til hafa, og kemr þessi munr stund-um af lisia tilbúnínginum, en stundum af miólkinni, þvíad eigi hleypr ávallt allskonar miólk eins fliótt. Miklu vardar, sem fyrrum sagdag, at vel se ihrært í ystínginum, og sídan kreyst í draslanum med berum høndum, ádr

han

han er færdr í ostamótin, en þar eptir fer fram um ostasmídid sem ádan var umrædt.

§. 8.

Þad er med sønnu sagt, at því meiri rióma sem í er miólkinni, því betri verda ostarnir. Undanrenníngar ostar eru fyri því hvergi svo gódir sem nýmiólkur ostar, og nýmiólkur ostar eigi svo gódir sem þeir er meiri rióma er íblandinn. Ena almennu Engelsku osta brestr þá ser í lagi á vid þá Hollendsku osta þar í, at hinir engelsku eru margrari helldr enn þeir hollendsku, og er þó sú rækt vidlogd þá Engelsku osta, at menn gløggliga athuga miólkurinnar varma, ádr hleyptir se þeßháttar ostar. en þá er miólk sú svo heit sem hæfir, ef spenvolg er lisium blandin, edr at ødrum kosti ysir elld ridin, og nái hún jøfnum varma er ádr hafdi hin spenvolga miólkin. Frá þeim almennu Engelsku ostum eru þeir svo kølludu Chester-ostar frábrugdnir at því leiti, at þeßir eru giørvir af nýrri miólk og miklu stærri vøxtum enn hinir. Med Maymánudi byriar þetta ostasmídi, og fer

fram

fram til útgöngu Septembers, en se fyrr edr sídarr adverid, þá verda ostarnir annadhvart innan holir, edr og rammir at smeck, sem almennt um er kent hagabeitinni. og má þar af ráda, at allar ársins tídir og allskonar hagbeitar lønd eru eigi jafn-haganlig til ostagierdar. J Chesshire eru svo gódir hagar at þar þykir varla nockurum búmanni þørf á, at blanda nýia miólk med rióma, þá er giøra á osta, en ávallt er þeß þó gætt, at eigi se hleypt til osta úr nýbæru-miólk fyrr enn lidin eru frá burdinum nockur dægr. Med fiórum spónum lifiamisu hleypir madr svo mikla miólk sem giørr vedrr sídan af hundrad punda ostr. og er í þeßu Greifadæmi svo mikid um leikis á mørgum nautabúum, at miólkin hreckr vel til í samfelldа 5 mánudi á sumurin, at giøra úr two þvílíka osta dag hvern. En um ostabúnadinn siálfan er þad í stuttu máli at segia, at menn gæta vel til at eigi se íborin meiri edr minni lifiamisa í miólkina, enn full naudsyn útkrefr, þvíad annars verda ostarnir annadhvart ofrgisnir og linir edr óvidfelldnir og rammir.

Því

Því nærst skal draflinn kreystr ærid vel í millum handa ser, ádr meira se adgiørt, og sídan tvisvar, þad er 4 stundir hvert sinn, fergdr innan í hreinum líndúki, en þá sallti ádreift, og þykir mátuligt 1 pund sallts í þann ost er vegr 100 pund, se sallti því sem hæfir saman vid hnodad. Nú er ostr laginn af nýiu ofan í salltpekils ílát innan í líndúk vafinn, og liggi þar enn nú undir fargi vel þúngu í fiórar stundir, en sídan í øli 8 daga, og má þá upp taka ostinn aptr, og færa út til þerris, á þá leid at madr tekr fyrst ilmandi jurtir, svo sem eru reyrgresi og brádberg, it. hvanngras o. s. framv. sker þat smátt í sundr og leggr uppá fialvid í nockud gióstugu útihúsi, en ostasmídid þar á ofan í frekar þriár vikur, og eru þá ostarnir optast nær at þeim tíma lidnum til hæfis þurrir vordnir, se þeim einúngis snúid þrisvar dag hvern á hyllunum, sem vel má adgætt, og svo skal ryda allan ost utan í smieri, og þó her um hver hundrad pund osta í hálfu pundi smiørs. Þeir sem fysaz at eptirbreyta inu Cheshirska ostasmídi, megu óhullt gánga

á svig

á svig vid ófriófsein haglendi, og studla þó svo til, ef edruvís er háttad, þá er raunin er giør, at grasid se í sínum besta blóma, þvíat se miólkin eigi ærid kostug, þá springa þeßkonar ostar um hóf fram, og er þad gnóglig þurd til at glepia fyri verdi og ásyndum ostanna. En vidvíkianda þeim mikid stóru Engelsku ostum, er taka nafn af greifadæminu Sommersetshire, þá eru þeir til dæmis þannveg tilbúnir, at madr setr ad kvølldi dags 12 kýrnytir, rennir grangiæfiliga þar af øllum ríómanum ofan morgunin eptir, og hellir saman vid hann eins mørgum spenvolgum kýrnytum. Sídan hleypir madr allt þetta í einu íláti med svo mikilli lifiamisu sem medþarf, og lætr svo tínt ílát standa hálfa stund lokad, en þá tekr hlemminn af og fergir allann draslann at botni nidr, er sídan kreystizt ørggiliga sundr med bádum høndum, þá fyrst vel er búid at sía af misuna. Svo skal láta saman vid allan þann drasla, er íser hvern einn slíkra osta, 3 pund af glænýiu smiøri og lítinn hnefa hveiti-sallts, er ásamt smiørinu má vel hnodad saman vid draslaun.

lann. Þar eptir lætr madr allt ostadeigid í votan dúk, sem margsinnum bylltizt um undir fargi, og at lyktum skal liggia þar grafkyrr í frekt dægr, þar til er sú retta mind er á ostinn komin. Þá má úrhella ostamótinu, þvo ostinn upp úr misu, og fara med ostasmídid sveipt í hreinum dúki sem ádr er umgetid. Eigu þvílíkir seikna ostar lengi í at þorna, og vidþurfa gódrar umhirdíngar. Sumstadar er og vandi á Englandi at menga saman eptirhreytu úr kúm og eintómum rióma, velgia yfir elldi og hleypa osta af, sem eru miklu minni vextum enn bædi Chesshire- og Sommersetshire ostar. **Eptirhreytu ostarnir** eru þvegnir upp úr glóandi misu glænýir, og salltadir at eins, og lagdir þar eptir vid daunsæt jurtagards alldini. Er þá eigi annarr munr á þeßu og enu fyrrnefnda ostasmídi.

§. 9.

Eg hefir at undanförnu med fám ordum ávikid, hversu háttad se inum Hollendsku og Engelsku ostum, en nú skal fráskira þeim Smálendsku, er flestir hafa í stærri metum

enn

enn adra Svenska osta, og er fólgin þeßkonar ostagerd þar í, at madr tekr svo mikla nýa miólk, sem samanberi vid stærd ostsins er í mót skal laginn. Þeßi miólk steypir madr í ketil nockvarn rúmgódan, og setr elldsgagnid uppá hlódin, og lætr hitna í, þar til er miólkin er því nær skánheit vordin, þá eru lif í dúk færd; og drepid ofan í miólkina upp yfir elldi, en því nærst hrundid potti af hlódum ofan svo skiótt sem verdr. Se kostr á litlum sætum og nýium Plakostum (þad eru raudseyddir ostar) þá egu þeir rifnir smátt at í færaz annan minni ketil, sem í er nýmiólk undir, og má sú heit vera sem hin fyrri. En þegar miólkin í stóra katlinum er alhlaupin, þá hlýdir at í se hrært med kostgæfni og þar eptir í drillu miólk ausin, sem draflinu ad nýiu skal kreystr í, bædi vid botninn og med leggunum, en í midiu keralldsins liggi inir áminnstu litlu ostar sundrknúsadir ómakslaust, og vardar at gætur se áhafdar, at ecki fari þar af umhverfis ílátid. Nú eru litlu ostarnir midt innan í ostadeiginu, og skal þá eitt lag leggia á ofan af

nýmiólkur draflanum, svo tilbúnum sem ádr var rád fyri giert, en sídan umbyllta öllu og kreysta vel úr misuna, þvíad ella giörir mölr og adrar vidlíka meinvættir hellsti mikid tión í ostunum, einkum ef eigi eru salltadir í 3 dægur samfleytt, ádr fullgiörvir seu, med mulldu hveiti-sallti, og sídan at ödru hveriu skoladir í salltpekli hreinum, svo slepia eigi fái áfest ostunum utanhverfs. At öllu þessu búnu og ostunum þannveg smídudum sem nú hefir eg rædt, skal loksins þángad bera ostamótin sem kulldi nokkurr er inni og sól eigi náir inn at skína (annars koma sprúngur í ostana), setia á hyllur upp til þerris, og snúa osti hverium bædi kvelld og morgna. og má þad hvergi fyrirfarazt.

§. 10.

Um id Holsteinska ostasmídi á nautabúum kann eg eigi annat at greina, enn þad sem her eptirkemr, og þar í er fólgid, at madr tekr undanrenníngu og velgir upp yfir elldi, og þad midr þá er hlývidri gánga, en meir þá er kallt er úti. Se miólkin ofheitt, kemr

þroti í ostana, og se hún felld fram úr því er med rettu gegnir, þá þióta eigi ostarnir upp sem hæfir. og er hvartveggia til hneckis ostasmíd-inu í kaupum og sölum. Þegar er miólkin kemr ofan af elldinum, skal her um fingr-biørg full af lifiamiſu í látin miólk þá, er hverr ostr er af giørr. má þar af nærr fara um vextugleik þvílíkra osta. Nú eru lif svo hmiskonar sem miólkin siálf er og marghátt-adar þar at lútandi kríngumstædr, en Sles-víkur og Holsetu lif eru þannveg tilbúin, hvar med hleyptir skulu greindir ostar, at madr tekr maga edr annan hluta af inniblum nýborinna kálfa, sem hvartki hafa fengid at siúga edr at smakka nockurn dropa miólkur eptir burdinn, sker smátt í sundr og leggr hveria 3 maga ofan í 1 pott af áfengum biór, en þó dreifir lítilfiørligu sallti yfir og stendr svo allt þar til er á þarf at hallda. Svo þegar er búid er at hleypa, er miólkinni hellt í ostakeralldid, og rennr hún þar saman at nockuru leiti. má þá vel í hrært med ausu eda trieskál, á þann hátt, at þad id ìhvølfa horfi inn á skálinni í keralldinu og fari ost-

gerdar kona umkríng vid laggir ílátsſins, greidiz þá miſan forkunnar vel frá draflanum, og ſvo er hveriu fyri ſig íhellt önnur ílát, þad er at ſkilia miſunni í miſukeralldid, en draflanum í oſtakoppana edr oſtalög in minni. Par eptir leggr madr á ofan trie hlemm einn og þúngan ſtein. En þegar oſtarnir hafa ſtadid í lánga hríd, þá ſkal upplokid oſta=mótum af nýu og oſtarnir ſmátt knúſadir í millum handa ſer, en þá ſallti dreifdir og enn lagdir undir farg. Fer ſvo tviſvar fram, en uppá ſidkaſtid ſtendr oſtr hverr í lögum í 1 dœgur, og eptir þad ſeu þeir fœrdir í ſambodin mót vextum ſmídisgripſins og leggiz undir preßu, þad eru bord ſem undir eru ſett oſtamótin med hreinum dúk á ofan, og veggfaſta ſpíru eda þverbiálka ſem yß vegar ſvignar af hnyttiliga þúngum ſteini, er lenda hlýtr ofan á oſtamótunum fyrſt í tvö dœgur, og þá rennr miſan ofan í kerölld, en at þeim tíma lidnum, má oſtunum ſnúid, og ſtandi þó enn undir fargi í 2, já 3 dœgur ſam=fleytt, nema á medan byllt er um vid og vid. J votvidrum þorna oſtarnir alldreigi

rett

rett vel, og fyri þá grein megu ostarnir núast at ødru hveriu utan í sallti og setiaz uppá fialvid þar sem hægr blærr er inni. Sem tídast eru Slesvíkur og Holsetu-ostar ad mind nær því hnøttóttir. og þykia þeir iafnan liúffengari er vega her um 18 pd. enn hinir er minna vega, vegna þeß enir stóru hafa eigi svo óþiálga skorpu sem litlu ostarnir. Flestir þeir ostar, er flytiaz skulu útlendis, eru litadir annadhvart gulir utan til med inum svo kallada Orgelians-pekli (þad er vatni er í hafa legid frækorn edr frækúlur, raudgular at lit, er á vaxa trei því sem menn med rettu Orlean heita, og flytz frá vestr-hálfunni) edr grænir allavega, med piparrót-arblødum, sem Islendíngum eru hægri at nálgast enn tínd frækorn, þótt þau og fá megi í Kaupmannahøfn. Af blødunum verda ost-arnir miklu smeckbetri enn ella, en seu þeir litadir í frækorna vatninu, þá skal þar til brúka þveigil, drepa ofan í vatnid, og núa svo þar med giørvallt ostasmídid at utan-verdu; þykkia þá ostarnir ásiáligri enn at ødrum kosti.

§. 11.

Framvegis eru til þeir saudfiár-ostar í Sælandi og líka vel annarstadar í inum minni og stærrum løndum er heyra Dana-velldi, svo sem í Jútlandi og á Fióni og á Falstri, er vega 12 pd. edr mun meirr, en fleiri eru þó þeir einkum í Sælandi, er eigi standa meirr enn fiórar merkr edr þar um bil, og er mind þeßara osta ymist aflong edr hnellótt. Bædi hin hnettóttu og lengu ostamót eru med litlum gøtum kringlóttum á botninum. En um búnad þeßara osta er þad at segia, at madr tekr saudamiólk annadhvart spenvolga, edr sem adrir giera glóandi (þótt þad se nú á móti allri ostagierdar-ordu) og hleypir hana stundum med lisium einum, en stundum lisiamisu ómælldri (er helldr eigi hlýdir), hellir sídan draflanum þegar í ostamótin ósundr-kreystum, og leggr lítinn stein á ofan. Er þá fullvaxta smídid, og ostarnir útfærdir til þerris, stundum vid vindi en stundum vid sólu. Þó ef satt skal mæla, þá er nockr munr á atferd kvenna í þeßháttar starfa. en þá er menn kaupa Sælendska saudfiár-osta,

ber miøg oft svo undir at sprúngnir eru hvartveggia utan og innan, og med seigri skorpu á, er leidir af rekum þeim er ádr hefir eg skilmerkiliga umrædt í §. 8 og 9. en eigi svo fódri saudfenadarins edr miólkurinnar vanburdum, fyri því at gnógliga er saudamiólkin riómaborin í fyrstu. Anísi og kúmeni og nellikum edr og ødrum þesshåttar sætindum sem í siáz blandin þvílikum saudamiólkur ostum, er fyri þá søk oftsinnis meirr at þacka, at mønnum finnaz tíndir ostar gómsætir, enn því at ostagerdin se vøndud svo skapfarliga sem gegnir.

§. 12.

Þá er eg rædda um sauda smiør og kúa í hinni fyrri grein rits þeßa, og áqvad greiniliga, er eigi mætti smiør hvart med ødru blanda, svo framarla sem smiørsafnid væri ætlad til útlendskrar verslunar. og stód þó eigi varúd siá þar af, at sauda smiørid skorti situ á vid kúasmiørid, hélldr af røkum þeim sem þar eru skilmerkiliga tilleidd, og slíkt id sama er at segia um saudariómann og saudamiólk-

ina, er berliga siá má af saudaostunum, sem hvervetna eru svo feitir sem eintómis nauta-miólkur ostar og stundum jafnfeitari. Í saudamiólk er jafnan meirr fólgid enn í nauta-miólk, og saudadrafli jafnframt því linari helldr enn kúadrafli: en þar af leidir þó eigi at hvarr drafli megi ávallt vera med ødrum blandinn í ostasmídinu. Saudadrafli er hvítr ílits, en hinn gulari nocqvat, og se nú bád-um ruglad saman, þá verda rákir í ostana eins og ádr greindag um smiørid. vid þeßar rákir eru kaupmenn hræddir og hallda sem þær se misfarda leifar. þó stendr svo stund-um á tídum ársins, at forkunnar vel má takast at menga bædi nauta og saudamiólk saman til ostagierdar, en þad er á sumardag hærstan, edr þegar saudamiólkin er mest kostug, og ber þá minst á mun þeim sem ímillum er sauda og nautamiólkur, enda hafa slíkir ostar varla þá finn líka at fitu og liúffengni. Frá Denbigshire greifadæmi í Englandi koma annars eins gódir saudfiár-ostar og frá Ches-shire. á bádum stødum er at segu manna grasid lágt og þyckvaxid, og hagbeitarløndin

hlídum

hlídum vorpin, enda eru þar og giervir oftar hvartveggia feitir og meyrir; þad er sem verda mundi út á Islandi. Velldustu ær í Denbigshire miólka 3 potta á dag, ef þeim er sómi bodinn. man þá Hornstrendum midr farid? En svo eg hvarfli aptr til ostasmídisins, þá tekr madr til dæmis inn fyrsta dag alla kvelldnyt fiárins, hellir henni saman vid morgunmiólkina nærsta dag eptir, og lætr svo standa þar til er heim kemr þridia dags morgunmiólkin, þá hellir matselia henni og hinum máls-nytunum aptr öllum saman og setr á elld upp, en lætr þó miólkina eigi hitna meirr enn svo, at lík verdi spenvolgri miólk. þá skal líf selia fram, og megu þó eigi meiri líf í látin saudamiólk, enn hinn 5ti hluti á móti því, sem ella er med hleypt nautamiólkin. Eptir þetta stendr ílátid med miólkinni í, og hlemmi á ofan, þar til at misan er vel skilin frá draflanum, sem sídan má hnodadr verda og því nærst í látin votann líndúk, og bída undir fargi í samfleyttar 2 eyktir dags, og ad lidnum þeim, láta menn aptr ostinn í annan dúk innan, dreifa sallti á umhverfis,

og leggia ſvo undir ſarg at nÿiu, allt eins lengi og ádan ſagdag. Svo tekr madr ilmandi jurtir, og ſár útan á oſtinn, er ſídan ſkal ſnúid um nockurum ſinnum dag hvern, og þad hálfan mánad í rennu, ſídan ferr fram um þurkinn ſem fyrr var fráſkirt í §. 9 og fleirum.

§. 13.

Vidvíkianda þeim enum ſvo heitnu Knappoſtum, ſem eru harla litlir vøxtum, og ſumir eigi ſtærri enn ſvo, at vega kunnu 4 lód edr 6 at meſtu, þá verda þeir tilbúnir á þann hátt, at madr tekr ſúra undanrenníng, ſetr at elldi, og lætr ſvo miólkina hlaupa hægt og hægt af ſiálfri ſer, þar til at miſan er vandliga greind frá draflanum, en eÿs ſídan enn þyckva í giſinn læriptspoka, gervum í trektar líki, og hengir ſvo pokann upp í tvø dægr. er þá miſan fráſigin draflanum. Þar eptir hnodar madr í trogi oſtadeigid knáliga med berum høndum, ſkarar ſvo øllu ſaman, og þekr føtum, miklum eda litlum, ad því ſem heitt er til edr kallt. Ferr þá gángr í

deigid,

deigid, en ostrinn verdr gulr ílits og seigr og þesr af. Í ødru sinni skal deigi umbyllt á sømu lund, og þá blandid hófliga sallti, kúmeni, mentu, myriáni, edr ødrum þeßkonar smeckbætis jurtum, eptir hvers eins gedþocka. Ad løgun eru hnappostarnir optast nær hnellóttir, og eigi lagdir undir farg sem adrir ostar, helldr einúngis þrýst saman handà í millum, ádr út se færdir í ostabúr edr þerriskápa, þar sem hófliga blæ áberr, og eingar flugur ná atgøngu. Sumir menga áir edr nýia miólk med undanrenníngunni, og þyckia þá greindir ostar gómsætari enn ella, enda eru þeir og miklu handhægri í medførum, enn hinir stóru Slesvíkur-ostar, edr adrir þeßkonar, og koma fyri þá søk vídarr um kríng einkum til lands, bædi í Þýdskalandi og í Danmørku, enn nockurt annad ostasmídi. Væri ødruvís farid innlendri verslun Íslendínga, enn um sinn fær eg adqvedit, þá mundi skiótt upp af þeßháttar ostagiørd spretta nockurr ábati, eins og af mørgum ødrum handyrdum karla og kvenna, þvíat satt er mællt, Ad þar sem gialldid kemzt um kríng,

qvíslaz

qvíslaz ábatinn. Annars skrifr Gesner (De lacticin. S. 48) frá því at Sveitzar hafi fordum mengad hnapp-ostana medr melílót-jurtum, þad er nokkurskonar ilmanda smára edr og Sæhvønn (meistara jurt, Imperatoria Ostruthium). en þá er svo ser fram, má vandliga gætt, at jurtirnar se vel stappadar saman vid ostadeigid og salltid, ádr enn lagid se í ostamótin, sem eru at lǫgun eins og uppvǫld strympa og bísna stór, fyri því er þiód þeßi bÿrr svo marga osta til í einu.

§. 14.

Nú hlÿdir loksins at eg ræda nocqvat um id norska ostasmídi, sem undirvorpid er svo mǫrgum breytíngum, sem í einu sagdag í §. 6 her at framan, já fleirum ef rett er tilgetid, þótt eigi hvarsli mer nú um sinn adrar í hug, enn upp váru talnar fyrrum innan í þeßu. Eg hefir í nærst undansaranda §. ummællt, hver breytni og kunnátta vid se hǫfd hnappostasmídid, einkum í Danmǫrku, og þarf því eigi fleira þar um at fást, fyri því

at

at þeßi starfi kemr þrádbeint saman vid þann inn norska, nema at því leiti er hinir norsku hnappostar eru flatgiørvari, og vart 1 þumlúngr á þyckt. I Christianíu biskupsdæmi, og líka svo á Nordmæri, er fiøldi giørr af greindum ostum. megu þeir og geymast í ár og dag ef vill óskaddadir, ór þykkia hnoßgætir átu, med margskonar matvælum ødrum, og þad hvart sem eru hrisnir eda skornir sundr í sneidir smár. þar á rek vid metazt hnappostarnir í innlendri verslun.

§. 15.

Sú ønnur tegund af norskum osti kallaz Riæs-ost. og er þad lióst af siálfum uppruna ordsins, at Riæs og Riæsir má þýda hvartveggia allt eitt, og fyri því hefir eg á beina Islendsku nefnt þennan ost Kiæsisost, þad er lisia-ost, af lisium þeim, sem ostrinn er medhleyptr. Lif eru tilbúin med mørgu móti, sem ádr er umgetid, og skortir mikid á, (þótt sumum kunni þykkia litid í lisia gerd spunnid), ad øll se jafnhent til ostabúnads. Þau lif sem med er hleyptr kiæsisostrinn,

inn, eru þannveg giørr. Madr tekr maga úr kálfi þeim er gefin hefir verid at drecka nýmiólk, en eigi broddr, skommu fyri slát-urstímann, þvær bædi magann og hlaupid, og mengar sídan hvart um sig med sallti. Þá er nú salltid er trúliga samanhrært vid hlaup-id, hengir madr magann med hlaupinu í upp til þerris í 6 vikur. Fyrr eru lifin eigi fullgiør enn at þeim lidnum. og 2 dægrum ádr gengid se til ostverka, þá skal skera sneid af. kæsinum, vefia innan í þunnri lériepts-rýju, og láta ofan í kallda mísu. Þar í blotnar kæsirinn; en siá misa ér giør af her um þrem pelum nýrrar miólkur, sem mengaz med 2 spónblødum af súrri miólk, þegar er nýmiólkin er undir komin sudu, og er rúmr hálfr peli af misu þeßi almennt halldinn nægr til at hleypa med tvær pundfotur miólk-ur, ef vel er íhrært pottinum, sem miólkin skal í standa, þar til er vordin er svo þyck. sem þunn ólekia. Þá setr madr miólkina yfir elld upp, og lætr hitna nockud, en eigi krauma, og miklu minnr fióda gagngert. Eptir þetta má dyggiliga íhrært í pottinum, en

en þá draslanum øllum þokad med sleif edr ausu ødrummegin pottsins, svo at taka megi høndum, kreysta misuna úr sem best verdr, og steypa í líndúk, sem ofan er lagdr á ostamótin, edr ost-askana, sem ostalegin sumstadar kallazt í Noregi. Stundum mengar madr náqvæmliga saman vid draslann saffráni (þar sem þeß er kostr) edr ødrum jafnþægum jurtum, og þad í trogi, en sídan er ostadeigid lagt í mótid, sem er kringlótt og at vídd sem lítid fat, en at hæd her um 4gra fingra, med getum bædi umhverfis og á botninum. misan rennur ofan í kirnuna. Nú er deig í mót lagid og skal þvi þar þiakad nærsta miøg og umbyllt á alla vegu innan í líndúk, fyrr enn hulid se allt at ofan med sama dúk, edr liggia megi átektalaust einn þridiúng eyktar, en þá svo er komid byllltir madr ostinum uppá fat, og aptr sídan ofan í ostamótid á þá sídu er fyrrum horfdi upp. Sídan ferr enn fram sem ádr um ostahnaukid, og þá má loksins skióta fløtu loki yfir ostamótid medr fargi þúngum. Þar undir liggr ostrinn í tvær stundir ødrum megin,

megin, enn á adra sídu í 1 dægr, og sídan nidri í salltpekli hálfu lengr, og skal þar í snúa ostinum sem hæfir, eins og þá er upp er hafinn til þerris á hyllum í mátuliga svǫlu húsi einu sinni á dag í fyrstan hálfan mánud, og þar eptir hvern annan dag edr þridia um mánadarskeid. Er þá ostr þeßi sem væri han Engelskr at kyni edr Hollendskr.

Annarskonar háttr þeßa ins sama ostasmídis er þar í innifalinn, at madr heitir miólkina fyrst dálitid ádr hleypt se, og þegar er misan er frá skilin draflanum, skal hræra í ílátinu med þvǫru, þángad til at allt þyckniđ er sockid til botns, þá ekr madr því saman í hrúgu med sleif. og nú er ostrinn í fyrsta sinni hefir dvalist litla hríd í ostamótinu, þá hlydir at han se upptekinn aptr, og látinn ofan í heita misu. þad gierir ostinn ásiáligan og gulan ílitum. en þar med er eigi smídid búid ad helldr, því at þá er þeßi ostr inn sami hefir enn nú ǫdru sinni legid um hríd í ostamótinu, og þurd er ákomin misuna, nýrr madr ostinn í trogi

sundr

sundr í millum handa ser, og hnodar sem deig væri, en sídan dreifir sallti í, karsa edr ánísi. Svo liggr ostrinn í mótinu í tvø dægr, án þeß at koma undir farg, og þar eptir er han færdr út til þerris, og lokfins at elldi, þar til er madr finnr at ostrinn verdr þvalr af situ, þá má han vandliga strokinn umhverfis, giørir þetta skorpuna harda, og at ostrinn myglar því sídr. Hin þridia atferd at búa þvílíka osta til er þeßi. Madr tekr stundum undanrenníngu, og stundum geitamiólk, og blendr saman vid kúamiólk nýia. Her um 16 pottar af henni hleypaz med einu spónbladi af kiæsis misu, en þá má kiæsirinn hafa legid í kelldu vatni tvø dægr ádr. Heilan mánud ef vill má misa þeßi geymazt óskeddud, se hún sallti mengud í tíma. Øl sem sumir láta í tínda lifiamisu ásamt salltinu, kemr því til leidar at ostrinn verdr rammr, og skylldi því ølid med rettu umflúid verda. Adr en miólkin er hleypt, er hún vermd á elldi, og lætr madr hvartki sallt ne krydderí í ostana ádr færdir se þeir í osta-løgin glódvolgir id fyrsta sinn, en

F þá

þá slíkt er búid, og ostarnir hafa verid þar í um hríd, hallda menn þeim at yhiu nidr í hófsliga heitri misu, á medan línid sem utan um er ostana verdr upp þvegid. Sídan fer fram um løgunina sem fyrr, og skal ostunum snúid þrim edr fiórum sinnum, og hvert sinn hnodadir upp aptr og aptr vandliga. Svo bída þeir í mótunum einn dag til enda, en átta á þerrishyllum, og má gætr á hafa, er slepian se afþurkud iduliga, og ostunum snúid at þørsum. Satt er nú at fleiri slags atferdir eru hafdar í Noregi til at giøra áminsta ósta, eptir því sem hverium er skapfelligast, og landsplátsanna ásigkomulagi er vidvarid, en munrinn er vídast hvar svo lítill, at þar á virdiz eigi þørf at giøra frekari skírslu enn komid er. Ad sídustu þá má siá kiæsis-osta mótid asmálad á Tab. 2. Fig. 1. og er eigi þar á nockur vandhæfa smíd, þvíat þad er lagad sem víd drilla, bendt med fiórum giørdum, og eingum botni, svo at þeß hægra veiti at ná ostunum upp úr mótinu, þá er svigarnir eru rýmkadir. Sumir fella sig betr vid annad stærra ostamót, hvers

mind

mind ad skilmerkiliga sezt málud á Tab. 2. Fig. 3.

§. 16.

Siálfsqvedit er þat, at ell sú miólk sem ostar eru af giervir, má fyrst náqvæmliga siud vera, og brúka menn þar til stundum þad verkfæri sem bent er til med Tab. 1. Fig. 3. en þad er trektarkorn, med þettri ormavesiu í botninum, og negld á fialarspítu ofan. Þeßkonar treckt er handhæg vid hvern einn leg sem fást er, og sætir litlum kostnadi. en eg vil láta svo þar um mællt, og fara til vid hinn seydda ostinn, þad er Søen-ost á nordska túngu. honum er þannig varid. Madr siar nýia miólk í elldsgagn nokkud, setr upp á hlód, og lætr í sama bili at miólkin sydr, þar saman vid nokkut af syrdri miólk fyri lif, á þá leid at frekir tveir pottar súrmiólkur svari tólf pottum af hinni nýiu, og sem siá er hlaupin hógliga, setr madr elldsgagnid ofan, og lætr miólkina kólna, en hrærir hvergi um í, ádr draflinn med hægd er færdr í ostamótin, sakir þeß at svo lítil

misa er fólgin í draslaumm. Sleif er verk=
færi þad, sem kemr ser best í þeßum starfa,
og med henni slettir madr mótin ofan, en
leggr eingan farg á. Svo standa ostamótin
grafkyr í 4 dægr, þar til at ostrinn er sam=
ansiginn, en at fyrstu tveim dægrum lidnum
er þörf at snúid se smídisgripnum. og þar
eptir eins á þerrihyllum í viku alla, edr
hálfan mánud svo. þá er þeßi ostr gódr átu,
en snøggt um betri þó, at þriggia mánada
fresti lidnum, fyri því at ostrinn hvartki springr
ne hleypr upp, ne helldr myglar audvelldliga,
og er þó miúkr atgengu. en traudum má
hann geyma einn mißeri lengr.

§. 17.

Undanrenníngar ostasmídid ferr fram á
sama hátt sem fyrr var skírt um ena seyddu
osta, en fyri því eru undanrenníngar ostarnir
seigari enn hinir seyddu ostarnir, at ríóminn
í inum fyrstu er fráskilinn miólkinni, en má
þó bæta þar med, at bløndud se undanrenn=
íngin med nýrri miólk, sem nokkurra er
vandi til. Syrd miólk eru lík sem ystir eru
med

med þeßkonar ostar í Noregi, en í Þýdska-
landi hellir madr nockurum sinnum siódheitu
vatni í miólkina, sem nidr kemr í sama stad.

§. 18.

Rióma-ostr er giørr af eintómis nýium
rióma, og dregr þar af sitt nafn. Han er
mikils metinn og dýrr at verdlagi, og fyri
þá sök eigi algenginn á kotbýlum. Annars
er búnadar atferdin øll ein og hin, sem ádan
rœddag frá í §. 15 um kiœsis ostinn.

§. 19.

Hvad drafla ostinn áhrœrir, þá er han
giørr af nýrri miólk, sem látin er hitna nockud
ádr lisum se blandin, og þá er hlaupid er
þyckt vordid, sker madr þad smátt í sundr,
annadhvart úrtekid úr pottinum edr í enum
sama. Sídan skal hvartveggia misa og drafli
krauma at nýiu, og verdr þá ostrinn hvítr
ílits, en gulr og raudr, nái han svo lengi
at sióda, þar til er misan er nær því at
þrotum komin, og þá telia menn ostinn betri
enn ella. Þad virdiz einnig gódum búmønnum
betr henta, at mísan sióði eina her um hálfa

 stund,

ſtund, ádr enn oſtrinn ſundr ſkorin í ſneidar, ſe látinn í elldsgagnid. A medan þeßi oſtr er ſodinn, má vel í hrært í pottinum, en þá veiddr upp í bøgglum og látinn í dall einu, ſvo vel byrgdan, at vindr eigi nái um draſl-ann at renna. Svo er þeßum ſtarfa lokid og oſtrinn fært til átu, med nýrri miólk rennt út yfir, en ella traudum fyrir herdſlu ſakir. Han má og ſídſt á ſumardag lengi geymazt, vegna ofr ſýru þeirrar er um þad bil kemr í oſtgerdina.

§. 20.

Enir ſvo kelludu konu-oſtar eru á allan hátt eins tilbúnir og ádrgreindir draſlaoſtar, þar til er þeir í fyrſta ſinni hafa teknir verid upp úr ſeydis miſunni, en þá ſker madr þá ina ſídſtu eigi ſundr í ſneidar, helldr mylr ſmátt med ſtaut einum, og þegar er miſan heſir ſodid eina ſtund, edr þángad til hún fer at verda þyck, þá lætr madr aptr oſtinn ofan í pottinn, ſem iduliga ſkal íhrært, og þad ſvo lengi, þar til miſunni allri er lokid af ſudu, en oſtrinn vordinn med øllu gul-

raudr

raudr ílits. Sumir sióda þenna ost hvart sem vill í nýrri miólk eda rióma, bløndnum med ostamisunni, og er þá atfarid sem fyrr, þad er at skilia, at bædi miólkin, ríóminn og misan megu sióda ásamt ostinum í, þar til er ostrinn leikr á þurru í seydinu. Líka berr svo undir, at einhverr ostbúandi má hæfa byrgdir seydis og blønduſetníng af hveriu tægi, á þá lund sem skapfarligast henta þykir ostaſtarfinu, og þá er ostrinn er at fullu seyddr, lætr madr nokkura eggiablóma í ostaſafnid, þeytir þetta upp í miólk, og hrærir svo vandliga í øllu saman. Nú er ostr seyddr at þørfum, umvafinn hreinum líndúk og í mót kominn, þá skal farg á leggia ostaform ofan, og bídi svo smídi þetta í kyrdum í tvø dægr, en þá byllti um og hvarfli svo tveir dagar her um á braut sídan, ádr úr mótum se numid. Med þurkinn ser fram sem um er getid í §. 15 at framanverdu í þeßu. Komuostrinn, edr sem han heitir á nordska túngu Gum- eda Gom-oſt (þad er Sængurqvennaoſtr, af því er þeim hlotnaz svo almennt þeßkonar gáfa) er miøg sætr átu og

fyri þá sek mikils metinn af mergum, en jafnframt því glepia þó þeir meinbugir fyri metordum hanns, þótt ostrinn eigi se svo dýrr, sem nærri mætti geta (þar sem 1 merk trauðum ferr af hendi fyri meira enn tveggia skillínga virdi) at hann má, einkum á sumrum, siallðan geyma án þeß at skemdum mæti, nema í nockura fá dága, se eigi smieri út yfir rennt, því þá er geymslunni óhullt mißeris lángt, og stendr þad af yelldum loptblæs, er hvergi náir umferd í ostinum, fyri smiørs umbúda sakir *).

§. 21.

*) Rettr sá er menn kalla Gummegrøt í Norregi, þad er sængrkvennagraut, er seyddr úr nýrri miólk, eins og sængrqvenna ostrinu, og ákastat annathvert byggmeli eda rugs edr hvítameli, þar til er vordinn er grautr siá svo þyckr sem læpa. Þá eru lif í látin, og rennr grautr enn saman, svo skera má upp med hnífum, þegar at kólnad hefir at fullu. At sneidum af þeßum mat ásamt braudi og stundum fiski berr almúgalidi forkudr, en meiri háttar mønnum þykir eigi svo mikið til koma þeßháttar kráſa.

§. 21.

Um eggosta búnadinn er þetta athygglis vert, at madr velgir miólk og hrærir þar vid saman med hrißluqvisti eggiasafa, en þó eigi meira enn svo, at 12 egg svari 6 pottum miólkur. Svo stendr enn pottr um hríd á hlódum uppi og thrir elldr undir, en á medan se hægt í hrært, ferr þá svo um, at hleypr miólkin í hellu saman, og færiz hún þá í løng og ferhyrnd ostaløg, og sídan er þrýst øflugt þar í med hendum at bermum nidr, og hulit at lyktum fløtu loki. Fleira þarf eigi vid at hafa. Annars er greindr eggia-ostr og svo alkunnr í Danmørku, og líka þar, sem í Noregi, hellz reiddr fram í brúd-hlaups veitslum almúga fólks, og þó sídarst matar til sælgiætis. Ostsins má og neyta án miólkur, sem og medr rióma, ef hrisinn er smátt, ádr á fat se laginn og bord upptekin.

§. 22.

Vins- og øl-osta skal her getid í einu, þótt varla se þørf á rekstri nockurum um hvarigan, medr því at ølvasæla, og enn midr vinsælldir, hart nærri hvergi kunnu eiga skyllt

vid þetta mál ad svo komnu, nordanverdt um kulldabelltid. Víns og ølostagiørdin er annars áþeck hvar annarri, þvíat hvart er eg hleypi miólkina med víni edr med øli, kemr at einu, þar hvartveggi løgrinn er súrr, og hvart eg tek nýia miólk edr undanrenníngu eina, þá eru bædi ystíngar medølin øflug nóg til at giøra skylldu sína, þótt siálfsagt verdi med því móti mikill munr á ostunum. Vín- og øl-ost má hleypa á tvøfalldan hátt, þad er at segia annadhvart strax eptir at embættr er smalinn, edr á hlódum uppi sídarr meirr. Heimta þá 24 merkr miólkur hér um fiórdúng potts edr nokkuru minna af øli edr víni, skuli áverda gnóglig ferd í ystínginum. Vel má at sonnu takaz, at lagnir se þeßkonar ostar í mót, sem annarskonar ostasmídi, en þad ferr þó traudum at vanda búmanna, at svo skuli umfialla, og fyri því steypa húsfreyiur misu og drafla vermum ásamt í trygil edr ønnur búsgøgn, og retta bordgestum sínum á vetrardag; er þeßi hreßing svo, ad hollari þyckir enn hvart sem væri Caffe, The eda brennuvín.

§. 23.

§. 23.

Nú er at ræda um ábrestna ostana, edr ef menn vilia heita þá broddosta, þad er á nordska túngu Kalvedans- eda Kiels-osta. Þeir eru giørvir, þá er sevana bónda-múgr á í hlut, úr nýbæru undanrenníngu einni, er stadid hefir í tvo edr þriá daga eptir kálfsburdinn, ádr rióml se veiddr af ofan, en af fegesigum mennum er riómanum hvargi frá veitt broddinum, helldr stundum blandinn med nyrri miólk af ødru tægi, og þad einna hellz í fyrstu, á medan þyck er nýbærumiólkin. Umgetinn brodd lætr fram-vegis bóndalhýdrinn á landsbygdinni sióda svo lengi (án þeß þó at frekt se undir kyndt elldsgagninu í einu) þángad til miólkin er vordin bædi svo þyck og seig, at skera megi kallda upp í sneidum, en ríkmannligra fólk hirdir eigi svo mikla sudu, og setr fyri því brodd-ílátin annadhvart ofan í pott þann er vatn er í, og kyndir sídan vel undir, edr uppá járn-ofn heitan, edr inn í bekunarofn um hríd. Þá verdr allt þetta hógliga þyckt, og má eta hvart er vill med rióma edr miólk,

sykri edr sætmetis jurtum útá. Þar sem margar kýr eru at búm, má draflanum þrýst í ostamótin, og dveli þar sólarhríng, er þá ostr siá fullgiörr. er og hægra veitir at hafa í vardveitslum óskemdan, enn drafla hvern ómót-færdan, og þad jafnvel helmíng mißeris á sumrum, en traudum lengr fyri súr og hørku.

§. 24.

Á medal annarra osta eru Geitostarnir og svo alkunnir í Noregi og kallaz þar Jet- edr Gietoste. Geit-ostr er stundum giørr af eintómis nýrri geitamiólk, en þó optarr blandinni med þridiúngi nautamiólkur, og verdr þá mycklong betri og feitari enn ella. Geit-ostamótin eru at mind nær því 4-hyrnd, sem siá er af Tab. 2 Fig. 2. A. D. C. B, jar-teina hlidfialir og gaflfialir, er samantengiaz med litlum trenøglum. og reknir í til giørdar borur, med rennilokum fyri (þ. e.) B. a. b. c. d. svo hvart megi taka frá ødru, þá er umbyllta skal smídinu. Optast nær er botn í þeßháttar ostaformum lausliga ígreiptr hlid-

fial-

fialirnar. en stundum víkr þó svo vid, at menn einúngis setia mótin á hlemm flatan edr fiöl ofan, er sumum þikkir eins vel fallit sem botn í væri mótinu. Til ostamóts lokfins bendir Tab. 2. Fig. 4. þar á skal laginn farg-rinn ofan. Verr þad og til at nefnd osta-løg eru kríuglótt. Annars ferr ostabúnadr-inn fram á sømu lund, sem ádr er ritad um kiæsisostinn, og se lifin eigi søllt, þá má ostrinn siálfr sallti blandinn, og þykir med svo móti allgódr beini *).

§. 25.

*) Geitadrafli er til búinn á þann hátt, at madr tekr geitosta misuna og hellir þar saman vid nýrri miólk, og þá er þetta er hlaupid, og draflinn fráskilin misunni, veidir madr drafl-ann af ofan, og gefr vinnufólki at eta medr brandleisum, edr (þá er svo á stendr) ødrum matvælum. Sumir safna og smámsaman geitarióma og blanda med nautarióma, og fæxa í strock til at giøra smiør af. Einkum er áminstr geita drafli þar í frábrugdinn ødrum drafla, at madr eigi lætr hann sióda þángad til sockinn er til botns, helldr veidir han strax af ofan, sem ádr er umgetid.

§. 25.

Saudaostr er giørr af sumum sem geita-ostr, en adrir hleypa saudamiólkina spenvolga, og láta svo bída í two daga edr nockuru lengr. Er þá osthleifr siá hellzt ætiligr, at daugurdarmálum. Hid neyrdra og eystra í Noregi er þesskonar smídi tídkad, og lítid vanstilli á med at fara. At sønnu þyckir nockurum bædi í Noregi og í ødrum løndum grunnúdligt, at farid se undir se sem a Islandi, fyri því at ótta megi vidgiallda, at lømbum og ullu hnigni þar vid ofr miøg, en þvízmlíkt ferr at vanlyedum, nema fesastir menn i hlut eigi, er hvergi þora at veita gripum sínum skøruligt elldi.

§. 26

Þótt hreindýr á Islandi enn nú se í sínum hugsta blóma, þá er þó eigi vandsed um, nema meirr af verdi þesshátttar kindum, og þá er þau eru tøm vordin, hlýdir at giørvir se oftar úr miólk þeirra, eins og þótt kýr edr ásaudir væru. fer þad fram á þvísa lund: madr tekr hreindýra miólk og blandar

medr

medr vatni, fyri því þeßi miólk er gnógliga feit. Hreindýra þarmar edr þorskamagar skulu í hafa legid lifiamisinni um hríd, og hleyp þá þar med miólkina, en lát sídan drafla í mót edr í leriptspoka, og legg farg á hvert um sig ofan, svo at misa nái vandliga af at renna; er þá eigi óglíct, at hreinostr se giorr sem hæfir. Læknar siá frostbólgu forkunnar vel, og er heilnæmr átu bædi sodinn og steiktr.

§. 27.

Nú hefir eg stuttliga ádrepid nockud um id almenna ostasmídi í Noregi. en þótt þat se svo, þá eru þó fleiri ostar giervir þar, enn ádr hefir eg tínda. en þad eru 1) Skyrostar eda gamladirostar, 2) Pottostar, 3) enir svo kelludu Pultostar, þad eru huodostar, og 4) Misusmiørsostar. Snappostanna er getid at undanfernu.

§. 28.

Súr og syru ostar eda gamladir ostar eru giervir af vel súrri og þyckri miólk edr undanrenníngu, nema svo se at búendur, þeir er

egn

egu góda fiár, vili láta rióma med vera. Ádr enn súrmiólkin er látin í elldsgagnid, hræra búsíhyrur, þær sem nockr snúdr er at, fyrst vel í edru íláti og miólkinni, sem velldr því at slíótari kemr sídarr meirr gángr í ostinn, og at han í sudunni gieriz eigi svo hnyklóttr sem ella. Annars er súr- eda skyr-ostrinn tilbúinn á tvøfalldann hátt, þad er at skilia 1) med því móti, at draflinn søckvi til botns, og 2) at han slióti á ofan á ellds-gagninu medan sodin er miólkin, og þar til er upp úr er tekinn draflinn. Enn fyrsti starfi framferr á þvísa leid: miólkin sýdr stilliliga, og tak þó á medan þveru og hrær í elldsgagninu, þángad til ad draflinn er vordinn at maukastellu einni, þad leidir medr ser hálfa stundu dags, þá lát svo búid, og veitir osti at botni, en misu reidir um ofan. Margir fara villir þar í, at þeir láta miólkina sióda oflengi og þad jafnvel í endilánga stundu, sem kemr því til leidar at ostarnir verda seigir og þurrir og hardir. Ádr enn drafl-inn er tekinn upp úr pottinum, ausa menn misunni upp í stórt keralld, og láta ostamótid

þar

þar í ofan, og sem það er gnógliga heitt ordid, má það sett á fiøl, er liggr ofan á kerallds børmunum ret yfir gusunni. Í þetta kerallд lekr misan um gøtin út á ostamótunum, en gusan sem leggr upp, giørir það at fliótarr kemr gángr í ostinn, sem verdr þegar volgr í laginn í ostamótin med ausu edr spada. Margir láta draflann fyrst verda kalldan, og álykta at svo sari betr at støsnum, sem þó eigi er, þvíat það er deginum liósara, at hitinn hreisir gángi í ostunum, eins og í mørgum ødrum hlutum. At ostunum se þiappad í ostaformin svo øruggliga sem verdr, er harla naudsynligt, og breida menn stundum líndúk undir í mótin, en stundum eigi. Þó virdist in fyrri atferd betr vidhníta, fyri þá sek at medr svo móti er audvelldligra at ná ostinum óskøddum upp úr mótinu, enn ella. Sumir láta þeßkonar drafla í føtu, trýgil eda kerallд, og þvæla þar í af øllu megni, ádr enn se han í form laginn batar það og at mycklóng ostabúnadinn. en um mótin er það at segia, at þau optast nær eru stór vexti, en þó siálldan stærri enn svo

at í gángi formid lísipunds = ostr í einu. Stundum eru þeßkonar mót krínglótt at løgun, en stundum 4hyrnd, og þar til þó idugligar breidari í annan enda enn í annan, sem siá er af málverkinu á Tab. 1. Fig 4. Stundum er og botn í mótunum, en stundum eingi. Sú er in ønnur atferd í gamalostasmídinu, at madr tekr draflann þegar er han hefir frá skilist misunni og síhtr á ofan uppi, og rekr volgan í mótin, þá er fyri fram hefir laginn verid líndúkr yfir løg øll, sem ádr løngu er umgetid. Med tvennu móti ferr aptr fram um þetta smídi, þad er at skilia 1) at madr stundum eigi lætr ostinn sióda, eptir at mindadr hefir verit í mótunum, en 2) stundum, og þat þó optarr, tekr madr ostinn, lagadan ásamt líndúknum, sem ostrinn í er reifadr, rekr nidr í misuna, og reirir skaut dúksins fast vid eyra katlinum edr þvertrei því, sem yfir er børmum elldsgagnsins. þá lát sióda hálfa stund og minda svo oft at nýiu medr stilling, en far sídan med sem fyrr er skrád um súrmiólkur ostinn. er þad audmanna sidr eins og at láta draflann

seckva

seckva til botns, sem best ser á af öllu, ádr smídid se lagt á giörva haund. Í ostamótunum liggr ostrinn óhrærdr í 3 eda 4 daga, en þótt margir se þeir er strax daginn eptir taki ostinn úr formunum. skal her þá og svo breyta med þurkinn, sem fyrrum reit eg um adra osta, þad er at segia, legg súr ost þinn uppá hyllur í medalmáta svölu húsi, og bídi þar, allt þar til er vartum verdr sem einskonar myglu híngad og þángad um id ytra smídisgripsins, edr at ostrinn tekr at verda miúkr og linr áþreisingar um úthverfis. og sem þad er audfundid, má ostrinn færdr nær elldi, svo slepia sú nái at fyri faraz í hægdum ser. Nú er fieldi osta at manns, og hlýdir þá at geymdir se í utibúri og í stacki einum med spelkum tres í millum osts hvers og laga allra; þad trie er vördr osta, og megu þó enn í grafaz yrmlingar. þá tak ostabúid allt at einu, þerr ost hvern umhverfis, og legg sallt í yrmlinga búid edr vask þú gerdina í salltpekli lúdum, og munu þá kyqvendi þau fyrrazt bústad sinn og fornar stedur. Ædorid miel hallda líka svo sumir nýtiligt

medal á móti ost=madka ágángi, eins og hafrhálm sodinn, se ostr hverr snilliga þar í þakinn og reisdr. Svo er og nokkurra sidr, at leggia tinda osta einkum á haustdag ofan í kistur, og er þad sannprófad, at því elldri sem ostakisturnar eru því sidr koma madkar í ostana. Einnig má bæta súrosta med því móti, at gierd se bora í ostinn og þar í hellt øli edr víni, edr og frønsku brennuvíni, sem eykr umferd í ostunum. En vili þeßkonar medal eigi hrífa, þá skal rísa ostana nidr svo smátt sem verdr, sióda at nyiu og menga medr nyrri miólk edr rióma, á þá leid at 4 pottar af fari í lísipunds ostinn, og sídan vid breytt sem ádr er áqvedid. Þad eru annars allra augliósustu merki á gódum osti gømlum, at han se liósmóraudr ílits, og svo blautr at uppsneida megi, sem nær því væri han smier. Um hollustu skyrostanna skal sídarr meirr getid verda.

§. 29.

Þad er um ina svo kølludu pott=osta at ræda, at þeir giørvir eru af gømlum ostum, hveriu

hveriu nafni sem heita, en þó ser í lagi af skyrostunum, þegar at vordnir eru þurrir og hardir. ferr smídi þetta fram á þá leid, at madr ríſr greinda gamalosta svo smátt sem verda má, nidr í trygil einn, og hellir á ofan gódum kleggia af brœddu smiori og rióma og meþuvini og muſkáti. Þá ſkal trúliga hnodad deig þetta, og man koma geyſíngr í, þá er legid hefir nockura hríd. Er svo oſtr í mót laginn og þykkir ágiætr beini.

§. 30.

Pullt-oſtar, edr med ødru nafni **Knaoſtar**, eru tvennſlags. þad eru 1) þeir sem giørvir eru at meſtu leiti af vel súrri og þyckri miólk, ſtrax eptir at hún er ſamanrunnin, og synzt mønnum ſtarfi siá eigi ſva torſveigr sem ef teknir væru þar til um hnodadir og ſodnir ſkyroſtar. Ølldúngis er þad ſannſegli, at því ſitu meiri súrmiólkin er, því liúffengari verda oſtarnir. Rett upp úr pottinum heitr er draflinn ílátinn oſtamótin, edr uppá fiøl fyrſt, edr í trog sem hallaſt, svo at miſan nái þeß betr af at renna, en at

einum degi lidnum, er ostrinn færdr at elldi edr vid bekunar ofn, þar sem hans er kostr, og látinn svo bída þángad til er í kemr gángr, sem er á vetrum um átta daga mund, en á sumrum fyrr, edr at lidnum fám dögum. og skal vel tilgiætt at flugr fái eigi settann bústad sinn í ostasmídinu. Til þeß og at því fliótarr íkomi gángr í ostinn, þá má hnoda saman vid sneidir af ödrum gemludum osti, og eru merki þau hæfd þar til, at þá er pult-ostr gnógliga ruddr, er öll bólga er þverrud í mótunum, og ostrinn tekr at verda daunsætr. Er svo til hæfis, en eigi fyrr, at hnodadr se han vel í nýrri miólk eda rióma, med sallti íbornu ásamt ymlgrasi. Sumir hnoda ostinn í öli, og segia at medr svo móti fari gerdin betr med sig, ef til lengdar skal láta. líka ber svo til stundum, at bónda múgrinn mengar tíndan ost med óbræddu smiöri, svo at verda megi han miúkari átu, giörir sídan osta af, at mind sem smiörskökur 4hyrndar eda kríngióttar, og færir sídan út í medallagi gióstug úti búr, edr í barjel ofan, til vetrarforda, þá gnægd er

mikil

mikil at búi. 2) Vidvíkianda þeim ødrum atburdum í Knaosta smídinu, þá er munrinn á þeßum og hinum fyrri siá, at madr eigi tekr fyrda miólk til þeßa smídis, helldr áir eintómar, sem hleyptar skulu vid elld án lifia íburdar, og þá er áirnar eru samanrunnar, ferr gerdin fram sem fyrr var skírt um súrmiólkur ostinn. At sønnu þykkir mørgum þeßi knaostr edr áaostr, sem han med rettu má kallaz at ødru nafni, ærid liúffengr átu, en sakir þeß ormlingar svo frekliga hænast at tíndum ostum, einkum á sumardag, at traudliga verda geymdir, án þeß at úa og krúa átta døgum lengr, þá eru þeir eigi svo almennir í Noregi sem súrmiólkur hnod ostarnir, er stundum er ellt í med høndum, en stundum eigi.

§. 31.

At lyctum skal þeßu vidbætt um misusmiørs ostana, at þeir giørvir eru fyrst af misu, og sídan hleypt ofan í misu af ødrum ostum, sem seydd skal med misusmiørs ostinum nidr í, í hægdum ser, þar til er vordin

er misa siá og drasli sem þyckt mauk eda grautr væri, og í ferr at koma sprettr pott-inum, þá ostrinn veniuliga spríngr í sundr í kroß vídsvegar, sem er merki til at ofan má kippa elldsgagninu, en vandliga íhræra medan þad stendr upp yfir, svo at hvargi vidbrenni, og líka svo allt þángad til kallt er vordit id áminnsta mauk. Til at seyda misusmiörs ostinn veitir varla af einum degi, egi vel á at fara, og mikid er umleikis at búi, en í móti þarf han eigi laginu lengr enn her um 6 dægr. Ostalogin eru ymist at logun kríng-lótt edr 4hyrnd, en þó optarr 4hyrnd og af-löng (sem geitostamót, hverra at undanförnu et getid) med lausum botni í, og getum á eigi mieg litlum, þótt þeirra se sidr þerf á þeßkonar ostaformum enn ödrum, fyri því misusmiörs ostrinn hefir mætt svo mikilli sudu ádr, at misan þar vid er þverrud at mestu leiti, fyrr enn ostrinn se í mót laginn. Ann-ars stendr og greindum mótum eingi bagi af götunum, allra sizt se mótin hulin med líndúk, sem vandi er til at vid se hafdr an-narskyns ostabúnad. Stundum er sidr, at

sudid

suníd se smídinu í mótunum, en stundum eigi, þar til er lokfins út er færdr ostrinn med øllu til þerris, þó má eigi þar med dvalid ærid lengi, þvíat ella er hætt vid at hluti sá, er nidr á horfir, súrni ofmiøg, er firrir giædum ostinn, sem smackar forkunnar vel þá er í lyndi lætr. og má hann lengr óskaddan geyma enn hvarskonar osta adra. hefir hann og verkun þá til at bera, sem ødrum ostum er vernud, at vekia vallgáng, neyti menn af mikils forda í einu.

§. 32.

Nú er þá fulltalid um ostasmídid at sinni, enn þótt margir se ostar þeir nálægt oß í nordrhálfunni, er um mætti fleira rita, ef vitneskiu bærag á, hve med skylldi fara. Líka kynni og benda mega til verdlags, en allt þad gengr upp og nidr, sem til er gódi ostanna, fiølskyllda þióda í millum, styrialldar umbrot og marghúttadar umbreytíngar adrar. Þannig kostar 1 pd. Parmesan-osta stundum 8 skildínga dánska, en stundum 20. Leid-skir ostar stundum 6 ß., en stundum 18.

Eydarstads ostr stundum 4 ß., en stundum 12. Misysmiørs ostar stundum 6 ß., en stundum miklu meirr, og s. fr. v. en þó eru fáir ostar dýrri enn vallendskir, og hvad kosta eigi Franchecomte-ostar í Lothringen, og enir gódu Dauphince ostar? Æ er þá eigi ærin þørf, at ver Íslendingar leggim losta á, at búa svo til, þad lítid vær eigum, og einkum varníng þann er útlendskri verslun mætti gegna, at kynnim vær ósakreknir vidhalldaz nockurn veginn í kaupum og saulum, ef eigi hvallt hlotnaz ágródi mikill, sem annarra þióda tídast er vandi til!

§. 33.

Um nytsemd og tión þad, er af má leida ostanautninni, er vanþørf lángordt at hafa, þá er getspakir menn í hlut egu. en þó skal svo fyri sáfróds almuga sakir fráskirt í þeßu, at allskonar ostar eru eigi hollir ællum mønnum, og eingi þeirra sumum hverium, en margir já allir mørgum. At 1) allskonar ostar se eigi hollir ællum mønnum, þad get eg sýnt med røkum af inum gømludu súrostum (§. 28),

28), er kallaz mikid heilnæmir, af því er þeir sundra stein, og eru giæddir med øflugri þvag-drífandi verkun, en þeßi verkan hentar eigi hvarskonar siúklingum, svo sem t. d. þeim er blódi spýta edr pißa hid sama; eigi helldr igtsiúkum og s. fr. v. Annars vermir þó og styrkir tíndr ostr maga maus, og þat svo øflugt miøg, at menn eigi vitu stinnara medal enn hann, fyri þá er neytt hafa um of fram ein-hverrar þrámelltandi fædu, svo sem til d. há-kalls edr beinastriúgs edr súrskyrs á Islandi, en østurs (þad er einskonar skielfisks) útlendis. Í Noregi sióda líka svo sumir oft þenna í súrri ostamisu, og taka þar af inn bolla fullan, á medan er misan er heit, fyri kvefi og hósta. 2) Látum a) til dæmis, sem kona nokkur ólett se í slet huígin, og þiaki osstopa meinsemdir at (hverin nafni sem heita) fyri burd edr eptir, svo dægrum skipti, þá er eigi trútt um ostgiasir, svo at vel fari. b) Madr hefir legit í landfarasótt, taki edr gulu edr ødrum jafnburda meinligum kvilla, og hafnat løngum matværd, er þá magi siúklings svo aflvana fyri vordinn, at eigi tiáir oft í at færa án

skem-

skemda. c) Hlydir eigi at bera osta þeim er brióstsvidi sækir, og miklu sidr ómálga børnum, edr nockurum ødrum, sem styrkleika skortir maga sins, nema ef vera skylldi sneid lítil seinast matar. En 3) er hverskonar ostr ósiúku fólki hollr, og einkanliga þeim mønnum, sem á hendi hafa starfa mikinn til siós edr lands, þvíat ostar standa jafnan vel undir, sem stritverkum hentar, og þó leidir hvergi tión af, þá er svo ástendr.



Inn-



Inntak

úr

Fyrra partinum.

§. 14.



§. 14. Litr til háttalags mialltkvenna.

— 15. Rædr matselinum til hreinlætis utanstocks sem innan, og at sia miólk hvar sem stendr án nockurs tómlætis. Þar er og umgetid setníngar ílátin.

— 16. Minniz á hve lengi nýmiólk skuli bída órennd.

— 17. Uppqvedr nockurar atferdir í því at renna lagliga.

— 18. Getr um geymslu á riómanum.

— 19. Itrekar at siá þursi líka svo ríómann sem miólkina, og mælir um, at nauta og sauda-rióma eigi se samanblandid.

— 20. Gelr húsfreyinni sá ein sannreynd rád til hægri verka, at skilia kunni smiørid frá áunum.

— 21. Telr fram kynferdi strockanna og avísar hverr Íslandi man best hentr at svo komnu. Einnig er þar umrædt þrifnad kvenna, er ærinn vid þarf at hafa í allskonar matbúnadi og mørgu fleiru, eigi allt vel at fara at stofnum.

— 22. Giørir rád fyri á hvern hátt lagligast fari at hnoda áir úr smiørinu, og hvernveg greida skuli úr hárin.

— 23. Avíkr náqvæmliga um søltunar atferdina, smiør iláta búnadinn, og hvad sekta Irlandsløg (sem kallast megu in ágiætasta rettarsnúra i søgdu efni) vid leggi, ef løgunum er á móti brotid.

— 24. Hliódar um tegundir sallta þeirra er einúngis hæfar se til at sallta smiør med.

— 25. Kemr enn nú vid smiør ílátin, og mælir um af hverskonar trei giørd skuli.

§. 26.



§. 26. Er ritinn um alldr smiørsins allt at einu og id seinasta atrid edr

— 27. Um innvortis og útvortis nytsemi smiørsins til læknisdóma og líkamans hreßingar.

Stuttr slutningr
úr
Audrum partinum.

§. 1. Ahrærir kappsemi útlendra þióda í ostasmídinu, og átelr breßt varn Islendínga í því at hafa eigi gengid í þeirra fótspor.

— 2. Fer um kríng eitt og annat ostagerdinni vidvíkianda.

— 3. Setr fram nockurar reglur um lista tilbúnínginn.

— 4. Adrepr litid um løgun ostanna.

— 5-6. Upptelia bædi útlendska og innlendska osta sem um er ritad í þeßu.

— 7. Skírir frá tilbúníngi inna hollendsku osta. og

— 8. Hinna Engelsku id sama. item

— 9. Hve Smálandsostar se giørvir.

— 10. Vikr á um Holsetu nautabús ostasmíidi. og

— 11. Um Sælendsku saudfiárosta. item

— 12. Um ena Engelsku saudaosta med fleiru þar at lútandi.

— 13. Greinir frá inni svo heitnu Knapposiagerd.

— 14. Avísar at samakonar ostar se og svo tilbúnir í Noregi.

§. 15.



§. 15. Bendir til hve kæsisosta smídinu skuli háttad vera. lika sem
— 16. Mælir fyri seyddu ostunum, og
— 17. undanrenníngar ostunum, en
— 18. Rióma ostunum.
— 19. Er ritinn um drafla ostinn.
— 20. Getr um hvad vid se haft ina svo nefndu konuosta og
— 21. Eggosta búnadinn.
— 22. Skírir frá vín- og øl-ostum, en
— 23. Abrestna ostum.
— 24. Leggr drøg fyri hve med skuli fara geitostaná.
— 25. Aqvedr at sumir giøri saudaost sem geitaost.
— 26. Giørir rád fyri hreindýra ostagiørdinni.
— 27. Telr upp enn nú fleiri af nordskum ostum.
— 28. Kennir hve tilbúnir skuli gamladir ostar edr inir svo heitnu súrostar.
— 29. Ahrærir medr fám ordum pottostasmídid.
— 30. Hefr uppi á hvern hátt best mundi hent, at búa til Pultosta edr ina svo kølludu Knaosta.
— 31. Rædir um búnad misusmiørs ostanna.
— 32. Bendir til verdlags ostanna.
— 33. Skírir frá hollustu ostanna, og hvart øllu fólki edr hvarskonar seu þeir gagnligir átu.



A

C

B

Fig. I.

a a

a










Fig: I.




Fig: II.




Fig: IV.



Fig: III.

